

Bæjarinn besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Miðvikudagur 28. maí 1997 • 21. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Nýstúdentar frá Framhaldsskóla Vestfjarða

Tuttugu stúdentar brautskráðust frá Framhaldsskóla Vestfjarða á laugardaginn auk þess sem nemendur voru brautskráðir af verslunar-, iðn- og sjúkraliðabrautum. Stúdentsefnið tuttugu eru eftirtalin. Fremsta röð frá vinstri: Arnbjörg Helga Björnsdóttir, Kristín Dröfn Einarsdóttir, Harpa Guðmundsdóttir, Anna Fríða Magnúsdóttir, Sigrún Arna Elvarsdóttir, Elín Smáradóttir, Rúna Esradóttir, Sæunn Sigríður Sigurjónsdóttir og María Ásgeirsdóttir. Miðröð frá vinstri: Kristján Þór Kristjánsson, Hilmar Magnússon, Anna Karen Kristjánisdóttir, Hrefna Silvía Sigurgeirsdóttir, Ásgeir Guðbjartur Guðbjartsson og Atli Freyr Sævarsson. Aftasta röð frá vinstri: Bjarki Arnarson, Jónas Bergmann Magnússon, Kristinn Hermannsson, Bjarni Heiðar Valsson og Ólafur Sölvi Eiríksson. Sjá nánar frétt og myndir á bls. 12 og 13.

Nýtt björgunarskip kemur til Ísafjarðar á föstudag

Almenningi gefst kostur að skoða skipið á laugardag

Nýtt björgunarskip Slysavarnafélags Íslands er væntanlegt til heimahafnar sinnar á Ísafirði á föstudag. Skipið og systurskip þess, sem fer til Siglufjarðar, komu til Reykjavíkur á föstudaginn var, og tók fjölmenni á móti þeim. Skipin eru keypt frá Þýskalandi þar sem þau hafa verið í rekstri. Þau eru smíðuð árið 1969 og eru 18,9 metra löng og 4,3 metra breið, samtals um 45 brúttótonn.

Að sögn Magnúsar Ólafs Hanssonar, formanns undirbúningsnefndar vegna komu skipsins, er áætlað að skipið komi

inn á innri höfnina á Ísafirði kl. 17 en stuttu áður munu skip og bátar björgunarsveitanna við Djúp sigla til móts við hið nýja skip og fylgja því inn Skutulsfjörð. Hið nýja skip mun fara í siglingu með öðrum skipum kl. 10 á laugardagsmorgun og kl. 13:30 sama dag fer framformleg vígsla skipsins og því verður gefið nafn. Síðar um daginn verður skipið almenningi til sýnis í tengslum við hátíðarhöld sjómanna dagsins. Á sunnudag mun það sigla til Bolungarvíkur þar sem það verður til sýnis. Slysavarnafélagið hefur auk

þessara skipa fest kaup á þremur í desember og fór til Neskaupöðrum björgunarskipum frá staðar en hin eru væntanleg í Hollandi. Hið fyrsta þeirra kom júlí og desember nk.

Ísafjörður

Eigendaskipti á Krismu

Þann 15. maí sl. urðu eigendaskipti á versluninni Krismu á Ísafirði.

Svanlaug Guðnadóttir, sem rekið hefur verslunina frá 1984, seldi þá reksturinn

systrunum, Ragnheiði Ásu og Sæðisi Ingvarsdætrum. Að sögn Svanlaugar verður rekstur verslunarinnar með óbreyttum hætti undir stjórn nýrra eigenda.

Fáfnir hf. á Þingeyri

Tilboð Ketils og Eypórs í skoðun

Nýlega auglýsti Byggðastofnun til sölu frystihús og fleiri eignir Fáfnis hf. á Þingeyri sem stofnunin ásamt Landsbankanum og Fiskveiðasjóði hefur leyst til sín. Tilboðsfrestur er nú útrunninn og að sögn Aðalsteins Óskarssonar, forstöðumanns Byggðastofnunar á Ísafirði, bárust tvö kauptilboð í eignirnar. Annars vegar frá Katli Helgasyni, framkvæmdastjóra Bolfisks hf. í Bolungarvík og Eypóri Haraldssyni, aðal-eiganda og framkvæmdastjóra Norfisks ehf., og hins vegar frá Valgeiri Jónassyni, eins eiganda

vélsmíðjunnar Þryms á Ísafirði. Jafnframt þessum tilboðum bárust viljayfirlýsingar frá fyrirtækjunum Básafelli hf. og Birni ehf. í Bolungarvík, þar sem lýst var yfir vilja til að koma að rekstri á Þingeyri, m.a. með útgerð.

Aðalsteinn segir að Landsbankinn og Fiskveiðasjóður séu nú að skoða tilboð þeirra Ketils og Eypórs en það var herra en tilboðið frá Valgeiri. Hann segir ekki ljóst á þessari stundu hvenær endanleg afstaða verður tekin um hvaða tilboði verður tekið.



Stangveiðin að hefjast

Nú er stutt í að stangveiðitímabilið hefjist og margir veiðmenn sjálfsagt farnir að huga að búnaði sínum eftir veturinn. Þessi mynd var tekin á bökkum Ósár við Bolungarvík í síðustu viku en þar „þjófstörtuðu“ þeir Steingrímur Einarsson og Hjalti Þorkelsson. Talsvert var af bleikju, sem á þessum tíma er að ganga til sjávar, en hún tók treglega. Hjalti fékk um 20 bleikjur kvöldið áður og sagði hana nokkuð vel haldna og talsvert væna. Bleikjan gengur til sjávar um leið og ís leysir af Syðridalsvatni og eyðir um 6 vikum í sjónum áður en hún gengur spikfeit aftur í vatnið. Veiði hefst formlega í Ósá 1. júní.

Blaðsíða 4

Skiptineminna Irmiz Rosas frá Venesúela



Blaðsíða 6

Framkvæmdafé til vestfirskra hafna minnkar



Blaðsíða 8

Af fullkomnasta frystitogara yfir á krókabát



Spurningin

Hvað kost-
aði flugvélin
Pétur?



Pétur Sigurðsson,
forseti Alþýðusam-
bands Vestfjarða:

„Það kostar auðvitað
mikið þegar menn þurfa
að halda uppi réttlætinu
og það hefur alltaf þurft
að færa fórnir í því sam-
bandi. En af því að þú
nefnir þessa flugvél, þá
kostaði hún tuttugu og
fimm þúsund krónur og
það er örugglega lítið
brot af jeppakostnað-
inum hjá fyrirtækjum.“

Í síðustu viku leigðu
verkfallsverðir flugvél til
að fylgjast með ferðum
Bessa ÍS eftir að skipið
fór frá Hafnarfirði. Fylgdu
verkfallsverðir skipinu
eftir þar til ljóst var að
ferðinni var heitið til
Grundarfjarðar. Þar voru
verkfallsverðir svo mættir
þegar Bessi kom til hafnar
og komu í veg fyrir
löndun úr skipinu. Bessi
er nú í Súðavíkurböfn og
þegar síðast fréttist hafði
ekki tekist að landa úr
skipinu.

Pétur Sigurðsson um áskorun VSÍ

VSÍ setur ekki lögin í landinu

Í síðustu viku skoraði Vinnu-
veitendasambandið á Alþýðu-
samband Vestfjarða að aflétta
þegar ólöglegum aðgerðum
utan Vestfjarða. Segir m.a. í
áskoruninni að aðgerðir til að
stöðva löndun úr Bessa ÍS í
Hafnarfjarðarhöfn hafi verið
ólögmæt því ekkert verkfall
sé í Hafnarfirði né meðal
skipverja á Bessa. Aðgerðir
verkalýðsfélaganna séu því brot
á lögum.

„Maður hefur nú lært í gegnum
árin að VSÍ er ekki sá aðili
sem setur lögin í þessu landi.
Við höfum líka lært að þeir hafa
reynt allt sem þeir geta til að

framkvæma lögin og þeir gerðu
meira að segja tilraun til að
stjórna sýslumannsembættinu í
Hafnarfirði. Þetta segir okkur
ekki nema eitt, að þarna er bara
um yfirgang að ræða,“ sagði
Pétur Sigurðsson, forseti ASV,
í samtali við blaðið. Hann segir
að verkfallsvörðum hafi undan-
tekingarlítið verið vel tekið þar
sem þeir hafa reynt að verja
hagsmunir sína.

„Þeir hafa fengið frábærar
móttökur og það hefur komið
fólk úr öllum starfsstéttum til
að lýsa yfir stuðningi og hvetja
þá til dáða. Auðvitað koma svo
einstakir aðilar sem vilja brjóta

á okkur og taka okkar vinnu
hvar sem hún býðst og auðvitað
geta menn reiknað með slíkum
villimönnum hvar sem er.

Við þurfum auðvitað að vera
vel á verði, sérstaklega þegar
við tökum tillit til hótana
Magnúsar Reynis, útgerðar-
stjóra og formanns Gunnvarar
hf. Það er samt erfitt að fylgjast
með og grípa inn í á réttum
tíma, þar sem vinnuveitendur
hafa alla jafna töluvert forskot
á okkur. Með samúðarvinnu-
stöðvun Dagsbrúnar og Hlífar
er ég að vonast til að við höfum
fengið aukinn skilning hjá
félögum okkar annars staðar á

landinu.

Stuðningurinn eykst með
hverri mínútnni eins og sést á
framtaki Sigríðar Rósu, sem
gaf í verkfallssjóð hækkingu sína
á ellilífeyrinum en ég held að
þetta endurspegli hug fólks til
okkar,“ sagði Pétur en hann
kvað talsvert hafa borist af
framlögum í verkfallssjóð frá
félögum víða um land.

„Peningarnir koma sér auð-
vitað vel en hugurinn sem að
baki liggur er mér meira virði,“
sagði Pétur. Hann segir engan
bilbug á verkafólki sem standi
þétt saman í baráttunni.



Ísafjörður

Sumaræf- ingar BÍ

Sumaræfingar BÍ eru
hafnar á fullu og nú á nýju
æfingasvæði við Neðri-
Tungu, þ.e. fyrir aftan
Vöruval. Með tilkomu
þessa svæðis verður gjör-
bylting á öllum aðstæðum
til knattspyrnuíðkunar, því
nú er hægt að bjóða öllum
yngrflokkum upp á æf-
ingar á grasi í stað malar-
vallar. Nýir æfingafélagar
eru skipulagðir með hlið-
sjón af strætóferðum sum-
arsins og þurfa krakkarnir
að fara úr strætó við Vöru-
val og er þá stuttur spölur á
svæðið.

Allir yngri flokkar BÍ
munu æfa á nýja svæðinu
fyrir utan yngsta flokkinn
sem eru stelpur 11 ára en
þær munu æfa á grasvell-
inum á Torfnesi. Búið er
að smíða fjögur ný mörk
og einnig hafa boltar verið
endurnýjaðir svo aðbúnað-
ur og aðstæður verða hinar
bestu í sumar. Mörg verk-
efni eru í gangi í sumar hjá
krökkunum og eru foreldrar
og aðrir hvattir til að sýna
samstöðu og mæta á heima-
leiki og aðra viðburði BÍ í
sumar.

Yfirþjálfari yngri flokka
í sumar er Trausti Hrafn-
son og sér hann um skipu-
lagningu og allt það sem
viðkemur yngstu flokkun-
um. Hann gefur allar nánari
upplýsingar í síma 456-
3626 fyrir kl. 11:00 alla
virka daga.

LANCÔME PARIS

Framkvæmdu þína eigin húðgreiningu

Kaupaukar og tilboðsöskjur í boði meðan birgðir endast
Taska með 3 vörum fylgir sex völdum 50ml kremum

Le Soir á la Carte

LANCÔME

Nú eru Lancôme snyrtivörurnar komnar í verslun
okkar og að því tilefni höldum við Lancôme daga
föstudaginn 30. og laugardaginn 31. maí.

Við bjóðum ómótsæðileg tilboð og kaupauka.
Sem dæmi má nefna:

- 30ml krem með allt að 30% afslætti
- Snyrtitöskur með 3-5 hlutum
fylgja ákveðnum kaupum.

TILBOÐSÖSKJUR

Við bjóðum upp á sex gerðir af tilboðsöskjum
frá Lancôme.

Í öskjunum eru 30ml krem, ásamt 3 öðrum
vörum. Einstakt verð - mjög mikill afsláttur
miðað við venjulega vöru.

Allir sem koma fá gjöf.
Lancôme sérfræðingur
á staðnum.

Verið velkomin,
sjón er sögu ríkari

KRISMA
Ljóninu Skeiði
☎ 456 4414

Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1997

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
% 456 4560
o 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðsson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafsræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Sjómanna dagurinn

Leiðari

Þegar sjómanna dagurinn 1997 gengur í garð hefur Alþingi
Íslendinga nýverið fært kvótahöfum endanlegan umráðarétt
yfir auðlindum hafsins á silfurfati og ýtt undir enn frekari
samþjöppun og einokun í atvinnugreininni en orðin er. Eftir situr
sjómanna stéttin hafandi þá einu möguleika að þjóna núverandi
handhöfum að umráðarétti yfir fiskimiðunum.

Þegar sjómanna dagurinn 1997 rennur upp eru allar líkur á að
það sé lítið tíð að ungi rognáráðgjafi í íslenskri sjómanna stétt
geti stofnað til útgerðar, brotist áfram af harðfyllgi og dugnaði líkt
og for fedur þeirra gátu, frjálsir menn í frjálsu landi. Utgerðarmenn
framfjarinnar eru er fíngjar núverandi handhafa að auðlindinni.

Þegar sjómanna dagurinn 1997 er haldinn hátíðlegur hefur sá
boðskapur verið kunngerður að íbúar sjávarþorpa viðsvegar um
land þurfi að búa sig undir að atvinnutækifærin sigli frá þeim, líkt
og gerðist á Þingeyri. Frelsi til að draga björg í bú, brauðfæða
sig og sína, er ekki lengur við höndi á Íslandi.

Þegar fánar blakta við hún á sjómanna daginn til heiðurs
hetjum hafsins, viðgengst að sjómenn eru þvingaðir til þátttöku
í kvótakaupum þrátt fyrir ótvírætt lagabann þar að lútandi. Sumir

útvegsmenn virða einfaldlega ekki lögin og komast upp með
það.

Á hátíðisdegi sjómanna er ljóst að ekkert verður gert af hálfu
lögjafans til að stöðva kvótabraskið. Frumvarp Guðjóns
Guðmundssonar og Guðmundar Hallvarðssonar um takmark-
anir á framsali kvóta var svæft í sjávarútvegsnefnd Alþingis.
Þetta er kveðja ríkisstjórnar og Alþingis til íslenskra sjómanna í
tilefni dagsins.

Fyrir ári síðan kvað sjávarútvegsráðherra fast að orði þegar
hann talaði um auðlind hafsins sem þjóðareign. Nú verður
fróðlegt að hlusta á ráðherrann útilista veðsetningu þjóðar-
eignarinnar í þágu útgerðarmanna og lánastofnana; heyra
um afstöðu hans til lögbrota á sjómönnum í formi kvótabrasks,
sem yfir völd lyfta ekki svo mikið sem litla fingri til að uppræta.

Það verður gaman að heyra tóninn í húrrahrópum til heiðurs
hetjum hafsins þegar lofræðunum lýkur.

Bæjarins besta sendir öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
kveðjur í tilefni dagsins.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Framtíð landvinnslunnar til sérstakrar umfjöllunar

Á stjórnarfundum í Íshúsfélagi Ísfirðinga hf., og Gunnvör hf., sem haldnir voru í síðustu viku, var fjallað um hina alvarlegu stöðu sem uppi er í atvinnumálum á Ísafirði, eftir rúmlega fimm vikna verkfall Verkalýðsfélagsins Baldurs.

Í frétt frá fyrirtækjunum segir að Íshúsfélag Ísfirðinga hf., hafi undanfarin ár verið rekið með verulegum halla, og

þrátt fyrir það, hafi á síðustu mánuðum verið unnið markvisst að endurbótum og hagræðingu í rekstri, í þeirri von að reksturinn yrði hallalaus og geti í framtíðinni skilað viðunandi arði. Nú í vor batt fyrirtækið miklar vonir við tilraunavinnslu á steinbít, sem hefði getað fjölgað störfum og aflag fyrirtækinu viðbótartekna, en vegna verkfallsins mun lítill sem enginn ávinningur verða

af þessari viðleitni þetta árið, enda steinbítveiði að ljúka. „Þá hefur ekki bætt úr skák að verkfallsverðir Vlf. Baldurs hafa torvelað mjög útgerð skipa fyrrnefndra félaga á verkfallstímanum, en frá útgerðinni hafa þær tekjur komið, sem gert hafa Íshúsfélaginu mögulegt að halda áfram landvinnslu á undanföllum erfiðleikaárum.

Með hliðsjón af framanrit-

uðu og þeirri staðreynd að Vlf. Baldur heldur fast við þá kröfu að fiskverkunarfólk á Ísafirði skuli hafa mun hærri laun en nær alls staðar annars staðar á landinu hefur verið samið um, mun verða fjallað sérstaklega um framtíð landvinnslunnar hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga hf., á aðalfundum fyrrnefndra félaga, sem haldnir verða 3. júní nk.,” segir í frétt frá fyrirtækjunum.

Ályktun sveitarstjórnar Súðavíkur

Deiluaðilar, slíðrið sverðin!

Blaðinu hefur borist eftirfarandi ályktun frá sveitarstjórn Súðavíkur vegna verkfallsins á Vestfjörðum, sem staðið hefur á sjöttu viku:

„Sveitarstjórn Súðavíkur harmar að ekki hafi tekist að binda enda á verkfallið á Vestfjörðum, sem nú hefur staðið á sjöttu viku, og hvetur deiluaðila til sátta. Tjón Súðavíkinga nú þegar er tilfinnanlegt enda atvinnulíf í kaupþúningu lamað. Verfallið hefur stöðvað starfsemi Frosta hf., og haft áhrif á flest heimili í Súðavík.

Súðavíkurhreppur er stærsti hluthafinn í Frosta með 43% hlutfjár. Það eru því miklir hagsmunir í húfi fyrir alla íbúa Súðavíkur að samningar náist. Byggð hefur verið upp öflug rækjuvinnsla í Súðavík. Verksmiðja Frosta hf., er ein glæsilegasta rækjuvinnsla landsins sem veitir um 90 manns atvinnu og ber uppi atvinnulíf á staðnum. Fyrirtækið gerir út tvo togara, Bessa og Andey.

Súðavíkingar líta til þess með stolti að færa þjóðfélaginu meiri útflutningstekjur en nokkurt annað byggðarlag á landinu miðað við hvern íbúa. Við viljum halda þeirri stöðu

okkar.

Tjón vegna verkfallsins fyrir Súðavíkinga er þegar orðið mikið. Ekki hefur tekist að standa við gerða samninga um afhendingu á rækju. Mikið tjón er orðið á áralöngu markaðsstarfi og einstakir sölusamningar hafa þegar tapast.

Byggðir á norðanverðum

Vestfjörðum standa veikt og á undanföllum árum hefur íbúum fækkað og atvinnulíf dregist saman. Þessa þróun verður að stöðva. Deilan mun án efa hafa áhrif á allt mannlíf á Vestfjörðum til lengri tíma. Nauðsynlegt er að efla byggðir og styrkja atvinnulíf í fjórðungnum.

Sveitarstjórn Súðavíkur-hrepps hvetur alla deiluaðila til þess að slíðra sverðin og leysa deiluna. Heill og framtíð Súðavíkur og Vestfjarða er í húfi.”

Undir ályktunina ritar Ágúst Kr. Björnsson, sveitarstjóri fyrir hönd sveitarstjórnar Súðavíkur.



Frosti hf. í Súðavík.

Súðavík

Yfirlýsing frá Frosta hf

Stjórn Frosta á Súðavík vill taka fram vegna fréttu í fjölmiðlum, DV, Stöð 2, Bylgjunni og Ríkisútvarpinu í gærkvöldi og í morgun, að engin tilraun hefur verið gerð til þess að landa afla úr togaranum Bessa ÍS í Súðavíkurhöfn - og verður ekki gerð. Um 200 tonn af rækju eru um borð í togaranum.

Áhafnar meðlimir eiga bifreið og gangstéttarhellur um borð í skipinu og munu hafa freistað þess að koma eignum sínum á land. Það hefur verið kallað „tilraun til verkfallsbrots” en er að sjálfsögðu fráleit ásökun. Á næstu dögum verður unnið að breyting-

um á togaranum og ný tæki sett um borð.

Stjórn Frosta vill áréttu að fyrirtækið fer eftir landslögum. Fyrirtækið telur sig í fullum rétti að landa afla í Hafnarfirði og Grundarfirði, eins og reynt var. Hins vegar verður ekki landað í Súðavík, enda vinnustöðvun í gildi.

Stjórn Frosta hvetur fólk til að gæta stillingar og fjölmiðla að leita réttra upplýsinga og fá fram sjónarmið beggja aðila í yfirstandandi vinnudeilum á Vestfjörðum.

Súðavík, 26. maí 1997,
f.h. stjórnar Frosta hf.,
Ingimar Halldórsson.

Kaupmannasamtökin

Benedikt Kristjánsson, endurkjörinn formaður

Á fundi Kaupmannasamtaka Íslands þann 10. maí s.l. var Benedikt Kristjánsson, kaupmaður í Vöruvalsbúðunum, endurkjörinn formaður til næstu tveggja ára, en Benedikt hefur gengt þeirri stöðu frá árinu 1995.

„Ég hafði reyndar ekki ætlað mér að gefa kost á mér áfram en vegna mikils þrýstings lét ég til leiðast,” sagði Benedikt í samtali við blaðið. „Það hafði einnig mikið að segja að nú mun formaður fá aðra aðila til starfa með sér þannig að álagið kemur til með að verða minna en síðustu tvö ár.“ Aðspurður um hvort eitthvað eitt væri framar öðru í starfi samtakanna um þessa mundir sagði Benedikt að málefni Fríhafnarinnar bæru einna hæst þessa stundina.

„Utanríkisráðherra hefur boðað einkavæðingu Fríhafnarinnar en fyrir því hafa kaupmenn barist lengi. Við teljum að þeirri verslun sem þar er sé mikið betur borgið í höndum

einstaklinga en ríkisins. Okkur finnst þetta skref í rétta átt og fögnum ákvörðun ráðherrans,” sagði Benedikt. Hann var spurður um hvort það hefði einhverja sérstaka þýðingu fyrir Vestfirðinga að formaður Kaupmannasamtaka Íslands skuli vera úr þeirra röðum?

„Já, ég held að það hafi töluvert að segja. Menn í viðskiptalífnum verða kannski fyrir vikið frekar varir við það mikla og öfluga mannlíf sem hérna þrífst og ég er ekki frá því að menn fylgist örflítið betur með því sem hér á sér stað. T.d. eru þessir menn farnir að standa sig að því að fylgjast með veðurspám fyrir Vestfirði, en það held ég að þeir hafi aldrei gert áður. Þessu embætti fylgja vissulega kostir en starfið er jafnframt erfitt og krefjandi og í það fer gífurlega mikill tími. En það er líka oft ánægjulegt og ánægjan er oft meiri en vinnan,” sagði Benedikt Kristjánsson.

Bolungarvík

Fundur með Þorsteini

Sjálfstæðisfélagin í Bolungarvík bjóða til opins stjórn mála fundar með Þorsteini Pálssyni, sjávarútvegsráðherra, annað kvöld kl. 20:30 í Víkurba.

Einnig verða á fundinum þingmenn Vestfirðinga, þeir Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson. Vestfirðingar eru hvattir til að fjölmenna á fundinn, en hann er opinn öllum.

Á Eyvinni

Veitingastaður Kaffihús

Mánagata 1 - Sími 456 4306

Fisherhúsi anno 1884

Ljúf hljómlist

af geisladiskum föstudagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Hinn landspekkti trúbador

Siggí Björns

skemmtir af sinni landskunnu snilld laugardags- og sunnudagskvöld (sjómanna dag) frá kl. 23:00

Borðapantanir daglega frá kl. 12:00 til kl. 17:00

Húsló opló öll kvöldin aðeins fyrir kvöldmatargesti frá kl. 19:00 til kl. 23:00

Mætið tímanlega, því það er ávallt fjölmennt og fjör hjá okkur

Njótið góðs matar og skemmtið ykkur á góðum veitingastað með góðri tónlist

Aðgangseyrir fyrir aðra en kvöldmatargesti á laugardagskvöld er kr. 500,-

TOYOTA
LAND CRUISER

Á FERÐ UM LANDIÐ
Voríð 1997

Munið *bílasýninguna* hjá Bílatanga laugardaginn 31. maí kl. 17:30 - 21:00

Bílasýning og reynsluakstur

Land Cruiser LX
Verð frá 3.083.000 kr.

Land Cruiser VX

Land Cruiser GX 33

Land Cruiser GX 35

PIZZA 67

Pantanasíminn er 456 3367

PIZZA 67



Irmiz ásamt íslensku fjölskyldunni sinni. F.v. Benedikt Kristjánsson, Ragnhildur Helga Benediksdóttir ásamt syni sínum, Gunnari Hirti Hagbarðssyni, Irmiz, Kristján Benediktsson og Kristín Gunnarsdóttir.

Maturinn hjá mömmu er svo rosalega góður

– skiptineminn Irmiz Rosas frá Venesúela í viðtali

Irmiz Rosas er 17 ára skiptinemi frá Venesúela sem hefur dvalist í Bolungarvík, hjá hjónunum Benedikti Kristjánssyni og Kristínu Gunnarsdóttur, frá lokum ágústmánaðar á síðasta ári. BB átti viðtal við Irmiz og fjölskylduna sem hún býr hjá, um dvöl hennar á Íslandi. Sonurinn á heimilinu, Kristján Benediktsson, var skiptinemi í Venesúela fyrir tveimur árum og var hann viðstaddur er viðtalið fór fram. Hann náði góðum tökum á spænsku á meðan á dvöl hans ytra stóð og túlkaði hann fyrir blaðamanni það sem hann skildi ekki hjá Irmiz. Reyndar var ekki mikil þörf á þeirri þjónustu, því Irmiz talar orðið ágæta íslensku.



Kristján ásamt Kristínu móður sinni í San Cristóbal.

Eins árs undirbúningur

Eins og áður sagði, þá er Irmiz frá Venesúela. Hún býr í suðurhluta landsins, í Puerto Ordaz í Bolívar fylki, en það er borg með 800 þúsund

íbúum. Faðir hennar er rafmagnsverkfræðingur og móðir hennar er kennari sérskólábarna. Hún á tvö systkini, níttján ára bróður og átta ára systur. Í Venesúela er mikið lagt í undirbúning þeirra sem hyggja á dvöl í öðrum löndum af hálfu AFS, samtaka skiptinema. Irmiz segist hafa verið heilt ár að undirbúa sig fyrir ferðina til Íslands, en hún vann m.a. við að aðstoða heimilislaus börn með kennslu. Fundir voru haldnir þrisvar í viku með unglingunum sem vildu halda á vit ævintýranna í fjarlægum löndum, en ekki komast allir sem vilja og er valið úr að loknum undirbúningstímnum. Þá fer hópurinn saman í sumarboðir þar sem endanlega valið fer fram

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • 456 3940 & 456 3244 • 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

- Einbýlishús / raðhús**
- Bakkavegur 23:** 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
 - Brattahlíð 12:** 161,2m² einbýlishús á einni hæð ásamt 56m² bílskúr. Verð: 11.300.000,-
 - Dalbraut 13:** 120,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
 - Fageholt 12:** 156,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á Eyrimmöguleg. Tilboð óskast.
 - Hafnarholt 14:** 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
 - Helldalsbraut 6:** 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-
 - Hjallavegur 19:** 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
 - Hlíðarvegur 28a:** 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-
 - Hlíðarvegur 33:** 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
 - Hlíðarvegur 42:** 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 7.000.000,-
 - Múlastr. 51:** 190m² endaraðhús í norðurlandaátt tveimur hæðum. Tilboð óskast.
 - Súlfursta 9:** 150m² einbýlishús, 4ra herbergja á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
 - Skipagata 11:** 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust strax. Tilboð óskast.
 - Skólavegur 1:** 62,8m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og þurrkjalli. Verð: 3.700.000,-
 - Stakknes 4:** 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyriinni. Verð: 9.900.000,-
 - Stakknes 6:** 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
 - Strandgata 3:** 130,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymsluskúr. Verð: 3.500.000,-
 - Tangagata 6a:** 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt lítillum kjallara. Verð: 6.800.000,-
 - Urðarvegur 26:** 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-



Bakkavegur 23: 133,8m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34,9m² bílskúr. Verð kr. 8.900.000,-



Hlíðarvegur 43: 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Verð 10.200.000,-

- 4-6 herbergja íbúðir**
- Englavegur 21:** 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
 - Englavegur 51:** 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikild uppgærd. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.900.000,-
 - Fjarðarstræti 4:** 120m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-
 - Fjarðarstræti 14:** 191m² 4ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.200.000,-
 - Fjarðarstræti 15:** 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þríbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-
 - Pólgata 4:** 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt lítillum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
 - Seljalandsvegur 20:** 125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-
 - Seljalandsvegur 20:** 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
 - Sólgata 5:** 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurlandaátt tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-

- Stórholt 7:** 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-
- Stórholt 11:** 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fjótlega. Verð: 7.800.000,-
- Tangagata 20:** 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvalandi veðskuldir. Verð: 3.500.000,-
- Túngata 12:** 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikild uppgærd. Verð: 6.700.000,-
- Túngata 21:** 77,5m² 4ra herbergja risibúð í þríbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-
- Urðarvegur 25-Hraunryggi:** 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hlutabýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.
- Seljalandsvegur 67:** 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
- Stórholt 7:** 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
- Stórholt 7:** 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-
- Stórholt 9:** 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
- Stórholt 11:** 80m² 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
- Stórholt 11:** 80 m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
- Stórholt 11:** 72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

- 3ja herbergja íbúðir**
- Aðalstræti 20:** 98m² íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgymslu. Verð: 6.900.000,-
 - Fjarðarstræti 13:** 80m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergja rísi og kjallara. Verð 5.900.000,-
 - Hlíðarvegur 27:** 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 36m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppi. Verð: 5.400.000,-



Urðarvegur 58: 209m² raðhús á þremur pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 12.500.000,-

og segir Irmiz að þá séu krakkarnir spurðir margvíslegra spurninga og vegna niðurstöðurnar þungt þegar valið er í hópinn sem fær að fara. Um 300 ungmenni höfðu sótt um dvöl á vegum AFS, en einungis 150 urðu fyrir valinu.

Fór næstum að gráta

Irmiz segist næstum hafa farið að gráta þegar hún fékk að vita að hún ætti að fara til Íslands, lands sem hún vissi naumast að væri til. Hún gladdist þó jafnframt yfir því að hafa orðið ein af þeim sem var valin úr hinum stóra hópi umsækjanda. Hún kom til landsins þann 23. ágúst og þegar hún kom út úr flugvélinni var fyrsta hugsun hennar, hversu kalt væri. Það er nú reyndar ekki skrytið, því í heimaborg hennar í Venesúela er ekki óal-gengt að hitinn fari í 38 gráður, en Puerto Ordas er næst heitasta borgin í landinu að sögn Irmiz. Nýju „foreldrar“ hennar tóku á móti henni og kom hún með þeim vestur til Bolungarvíkur, á staðinn sem hún átti eftir að dvelja á næstu 10 mánuði. Hún byrjaði í Framhaldsskóla Vest-fjarða fljótlega eftir komuna og varð fljótlega vör við ýmislegt sem var ólíkt með Íslandi og Venesúela þegar kom að skóla-starfinu.

undir kveðju hennar. Henni finnst Íslendingar vera frekar lokaðir og segir að mikill munur sé á Venesúelabúum og landanum að þessu leyti. Hún segir að íslenskir krakkar drekki mikið miðað við unglina í heimalandi hennar og er undrandi yfir hvað krakkar byrja ungir að drekka.

Hélt að pabbi væri að grínast með snjóflóði

Irmiz hafði aldrei séð snjó fyrr en á Íslandi og var það því mikil upplifun fyrir hana þegar snjóa tók í haust. „Mér fannst svo gaman þegar snjórinn kom. Ég var alveg eins og lítið krakki og lék mér úti við að stökkva ofan af þakinu hérna og svona. Ég fór líka á skiði, en það gekk ekki nógu vel í fyrsta skipti. Kristján var að reyna að kenna mér, en hann fór bara með mig upp í lyftunni og ýtti mér svo af stað. Ég datt auðvitað alltaf fyrst, en svo fór þetta smá saman að koma og þá var þetta alveg rosalega gaman.“
- Nú kom snjóflóð í Bolungarvík í vetur og fólk var vísað út úr húsum sínum. Varstu ekki hrædd?
„Við vorum öll hérna heima að horfa á sjónvarpið og þá kom pabbi allt í einu og sagði: allir út, það er að koma snjóflóð. Ég hélt fyrst að hann væri bara að grínast en þetta

Rjóni, rjóni og aftur rjóni

Af því að þú minnst á mat. Hvernig hefur þér fundist að borða íslenskan mat?

„Já, ég borða allt og mér finnst maturinn hjá mömmu svo góður að ég er búin að þyngjast um 16 kíló frá því að ég kom. Ég vill smakka allt. Kökurnar eru góðar og allar með rjóna, rjóna og aftur rjóna. Ó, þær eru svo góðar og lambakjötið er rosalega gott líka. Mér finnst þessi gamli íslenski matur ekki góður og ég vill ekki svið og þorramat og svona. Ég smakka kannski pínulítið, en mér finnst þetta ekki gott.“
Irmiz hefur unnið með skólanum í Vöruvali og finnst það mjög gaman. Hún hittir þar fullt af fólki, en hún segist hafa mikla þörf fyrir að vera innan um fólk. Hún hefur notað frístundirnar til að læra á píanó í tónlistarskólanum í Bolungarvík og til að syngja með kvennakór sem þar hefur verið starfræktur. Dvöl hennar á Íslandi lýkur 30. júní en þá hyggst hún halda heim til Venesúela og dvelja þar um tíma. Síðan ætlar hún í háskólanám og stefnir á að læra arkitektúr eða hótélstjórn í Bandaríkjunum eða Englandi.
- En á hún ekki eftir að sakna fjölskyldunnar á Íslandi?



Fjölskylda Irmiz í Venesúela. Til vinstri er þýska stúlkan sem Irmiz minnst á í viðtalinu.

hiklaust mæla með þessu fyrir alla og krakkar ættu að hafa í huga að óska eftir að fara til landa sem eru sem ólíkust Íslandi. Það voru sex íslendingar í Venesúela á sama tíma og ég og samtals 108 krakkar á vegum AFS í mörgum löndum.“
Kristján segir að stundum þurfi skiptinemar að skipta um heimili vegna vandamála sem upp koma og nefnir sem dæmi, að níu af tuttugu skiptinemar, sem voru á sama tíma og hann í Venesúela, hafi skipt um fjölskyldu af ýmsum ástæðum. Irmiz, sem er búin í símanum, segir að þetta geti stafað af undirbúningsskorti. Krakkar líti oft á skiptinemadvöl sem frí og geri stundum ekki annað en að skemmta sér. Þetta eigi sumar fjölskyldur erfitt með að sætta sig við og þær vilji að viðkomandi fari eftir þeim agareglum sem í gildi eru á heimilunum. Irmiz nefnir til sögunnar þýska stúlku sem dvaldi á heimili hennar:

„Hún hugsaði bara um að skemmta sér og var oftast að koma heim um fjögur á nóttinni. Hún kom bara heim til að borða og svo var hún farin. Hún var í skólanum, en hún hugsaði ekkert um lærdóminn. Þetta endaði með því að fjölskyldan mín gafst upp á henni og hún þurfti að fá nýjan dvalarstað. Krakkar verða að taka tillit til fjölskyldanna sem þau búa hjá og þeir verða að hafa í huga, að þeir geta ekki hagað sér nákvæmlega eins og þeir vilja,“ segir Irmiz. Hún segist hafa verið heppin með fjölskyldu á Íslandi og segir að pabbi og mamma séu æðislega góð við sig. Öðru máli gegni um Kristján sem sé „ógeðslega leiðinlegur.“
Irmiz ýtir stríðnislega í Kristján um leið og hún segir þetta og auðvitað er hún að stríða bróður sínum, rétt eins og systur gera. Aðspurð segir Irmiz að hún eigi örugglega eftir að koma í heimsókn til fjölskyldu sinnar á Íslandi og hún ætlar að halda

góðu sambandi í gegnum Internetið.

Mælum hiklaust með þessu við fólk

Benedikt og Kristín eru nú komin til sögunnar að ósk blaðamanns og eru þau spurð um hvernig reynsla það sé að taka skiptinema inn á heimilið?
„Ég held að ég hefði ekki tekið skiptinema nema af því að Kristján var búinn að fara sem slíkur,“ segir Kristín. „Við þekktum þennan skiptinemaheim dálítið og þegar haft var samband við okkur og við beðin að taka stúlku frá Venesúela, sögðum við já og sjáum ekkert eftir því vegna þess að þetta er búið að vera mjög skemmtilegt ár. Þetta var 10 dögum áður en Irmiz kom til landsins, þannig að við höfðum bara nokkra daga til umhugsunar.“
„Við höfðum auðvitað kynnst Venesúela dálítið, vegna þess að Kristján hafði verið skiptinemi þar. Við fórum út í fyrra til að heimsækja hann og komumst að því að það er yndislegt fólk sem þarna býr,“ segir Benedikt. „Mér hefur fundist mjög gaman að hafa Irmiz hérna hjá okkur í vetur og mér þykir vænt um að hafa fengið að kynnst henni. Ég er viss um að við eigum eftir að eiga góða minningar um þann tíma sem hún hefur dvalið hjá okkur. Við mælum hiklaust með þessu við fólk. Þarna kynnst maður annarri menningu frá fólki úr allt öðrum heimi. Irmiz kynnst Íslandi sem er gjörólíkt hennar landi. Við höfum fylgst með henni upplifa snjó í fyrsta sinn og höfum fengið mikið út úr hennar viðbrögðum við því og ýmsu öðru.“

Irmiz er ein af fjölskyldunni

„Það erfiðasta var kannski að hafa tjáskipti við hana fyrst eftir að hún kom. Við reyndum að tala saman á ensku til að byrja

með, en íslenskan kom svo smátt og smátt,“ segir Kristín. „Hún hefur verið mjög dugleg við íslenskunámið og það eru ekki mörg orð sem hana vantar í orðaforðann.“
Þau Benedikt og Kristín hæla fósturdóttur sinni á hvert reipi og segja hana vera fyrirmyndarungling. Að þeirra sögn hefur Irmiz haft frelsi sem takmarkast aðeins af reglum heimilisins. Hún hafi haldið þær reglur og það hafi frekar þurft að ýta henni út en hitt. Þau hvetja unglina til að öðlast reynslu sem skiptinemar því það sé tækifæri sem ekki megi missa af, til að kynnst menningu annarra þjóða.
- En voru þau ekkert hrædd við að senda Kristján einan til fjarlægs lands?

„Ég verð að viðurkenna að mér fannst þetta nú dálítið langt í burtu. Hann hafði ákveðið að ef hann færi á annað borð, þá vildi hann fara í mjög ólíkan menningarheim. Ég held að hann hafi grætt mikið á að taka þessa ákvörðun. Fólk hefur verið að spyrja hvort líf okkar hafi ekki breyst við að taka skiptinema inn á heimilið, en það er af og frá. Irmiz kemur til okkar og hún aðlagast okkur. Við breytum raunverulega engu hjá okkur heldur þarf hún að breytast til samræmis við okkur,“ segir Kristín. Hún segist kvíða kveðjustundinni vegna þess að Irmiz sé orðin ein af fjölskyldunni og það sé alltaf erfitt að kveðja fjölskyldumeðlim.
- En hvernig ætlar Irmiz að æfa sig á íslenskunni þegar hún kemur heim til Puerto Ordas?

„Það verður íslenskur skiptinemi í borginni minni þannig að ég mun reyna að æfa mig í að tala íslensku við hann. Svo ætlum við að faxes hverju öðru og tala saman á Internetinu,“ sagði þessa geðþekka unga stúlka, sem finnst íslenski maturinn hjá Stínu mömmu svo góður.



Kristján ásamt foreldrum sínum og systur í Venesúela.

Íslendingar eru svo lokaðir

„Í Venesúela eru allir nemendurnir í skólunum í sérstökum skólabúningum og mér fannst voðalega skrytið fyrst að krakkarnir hérna mættu krækta í allskyns fötum. Þetta vandist samt strax og núna finnst mér þetta allt í lagi,“ segir Irmiz. Hún segist ekki hafa skilið neitt í íslensku til að byrja með og að allt hafi verið svo erfitt vegna þess. Smátt og smátt hafi íslenskan þó komið og hún farið að geta tekið þátt í náminu og félagsstarfinu í skólanum. Irmiz segist hafa kynnst mörgum krökkum þótt kannski sé ekki um eiginlega vini að ræða. Hún tók eftir því að fólk var mikið frjálsegra þegar það var við skál en ella, en þá kepptust allir við að heilsa henni og tala við hana, en daginn eftir var kannski ekki tekið

var alvara og við þurftum að fara út. Við vorum alveg innilokuð. Það var ekki hægt að fara á Ísafjörð eða neitt. Núna veit ég að það er snjóflóðahætta þegar rignir og svona, þannig að ég er búin að læra af þessu.“
- Hvað er búið að vera erfiðast við Íslandsdvölina? Saknar þú ekki fjölskyldunnar?
„Nei, ekki svo mikið. Ég var búin að undirbúa mig undir förina og vissi að hverju ég gekk. Maður er bara hérna hjá nýrri fjölskyldu og maður verður eiginlega að gleyma hinni fjölskyldunni á meðan. Maður er eins og lítið barn. Maður verður að læra að tala, borða, fara út og allt saman upp á nýtt. Maður verður meira að segja að læra að segja pabbi og mamma. Mér finnst veðrið vera erfiðast og svo líka fólk að af því að það er svo lokað.“

„Jú. Tíminn hefur liðið svo fljótt og mér finnst að ég hafi komið til Íslands í gær.“

Krakkar líta oft á skiptinemadvöl sem frí

Nú er Irmiz kölluð í símann og beinist þá athyglin að Kristjáni, sem skotið hefur inn einu og einu orði til útskýringa fyrir blaðamann. Hann var skiptinemi í Venesúela í eitt ár frá árinu 1995 til ársins 1996. Hann segist hafa haft Venesúela efst á óskalistanum þrátt fyrir að hann hafi ekki vitað neitt um landið. Hann átti heima í borg sem heitir San Cristóbal, en þar búa um 650 þúsund manns.
- En hvað finnst Kristjáni hann hafa lært af því að gerast skiptinemi?
„Maður kynnist nýju fólki, nýrri menningu og að sjálfsgöðu nýju tungumáli. Ég myndi

Hlutur Vestfjarða hefur minnkað

Í hafnaáætlun fyrir árin 1997-2000, sem hefur verið afgreidd frá Alþingi, kemur fram að áætlaður kostnaður við ríkisstyrktar hafnargerðir á þessu tímabili er 2.802 milljónir króna. Þar af er hlutur sveitarfélaga 889 milljónir króna og hlutur ríkissjóðs 1.913 milljónir króna.

Hlutur ríkissjóðs vegna Vestfjarða á þessu tímabili er 265,1 milljón króna, sem er 13,8% af heildarkostnaði ríkisins vegna hafnaframkvæmda á landinu til aldamóta. Til samanburðar þá er kostnaður ríkissjóðs vegna Norðurlands eystra þetta sama tímabil 420 milljónir króna, eða tæp 22% af heildarkostnaði ríkisins og vegna Austurlands 347,8 milljónir króna, eða 18,2%. Sambærilegar tölur vegna: Reykjaness eru 293,5 milljónir króna, eða 15,3%, Suðurlands 244,9 milljónir, eða 12,8%, Norðurlands vestra 185,1 milljón króna, eða 9,6% og Vesturlands 136,4 milljónir króna, eða 7,1%.

Framkvæmt fyrir 414 milljónir á Vestfjörðum til aldamóta

Heildarkostnaður vegna nýrra hafnarmannvirkja á Vestfjörðum 1997-2000 er áætlaður 414 milljónir króna og skiptist hann á sveitarfélög sem hér segir:

Í Vesturbyggð verður framkvæmt fyrir 7,6 milljónir króna, á Tálknafirði fyrir 18 milljónir, í Súðavík fyrir 31 milljón, á Drangnesi fyrir 6,4 milljónir, á Hólmavík fyrir 13 milljónir, í Bolungarvík fyrir 34,5 milljónir og í Ísafjarðarbæ fyrir 303 milljónir króna.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir á Þingeyri

Skipting kostnaðar í Ísafjarðarbæ vegna nýrra hafnarframkvæmda 1997-2000 sem ríkið styrkir samkvæmt lögum, er eftirfarandi: Á Flateyri er m.a.

áætluð endurbygging stálþils og steypa kants og þekju. Munu þær framkvæmdir fara fram árið 1999 og er áætlaður kostnaður 75 milljónir króna. Á Suðureyri verður sett 1.800 rúmmetra grjótvörn efst við brjótinn og munu framkvæmdir fara fram árið 1999, en áætlaður kostnaður er 5,8 milljónir króna.

Á Ísafirði verður á tímabilinu framkvæmt fyrir 222 milljónir króna. Meðal annars verður unnið við: raflögn og lýsingu fyrsta áfanga bátahafnar, dýpkun Sundahafnar, dýpkun innsiglingar við Suðurtanga, dýpkun bátahafnar og endurbyggingu Ásgeirsbakka. Á Þingeyri verður ekki um neinar ríkisstyrktar framkvæmdir að ræða á tímabilinu, en þess ber að geta að nýlega var lokið við uppbyggingu á smábátastöðu þar.

Hlutur Vestfjarða 11% á þessu ári

Hlutur Vestfjarða í heildar-

fjarveitingum ríkisins til hafnargerða virðist hafa rýrnað nokkuð með árunum. Á árunum 1981 til 1993, að undanskildum árunum 1986 og 1991, var hlutur kjördæmisins frá 17% - 20% af heildarfjarveitingum, en síðan hefur hlutur Vestfirðinga dregist nokkuð jafnt saman og er á þessu ári um 11%.

Til samanburðar hefur hlutur Norðurlands eystra frá árinu 1987 verið frá 20% -26%, að undanskildu árinu 1992, og er á þessu ári rúm 23%. Hlutur Reykjaness hefur verið að aukast jafnt og þétt frá árinu 1990 eða úr 7% það ár í tæp 20% á þessu ári.

Minni þrýstingur á framkvæmdir

BB leitaði skýringa á framangreindu og hafði samband við Einar K. Guðfinnsson, alþingismann Vestfirðinga, en hann er formaður samgöngunefndar Alþingis.

„Á þessu eru eðlilegar skýringar. Það er ljóst að hlutur einstakra kjördæma sveiflast mjög mikið milli tímabila. Sem dæmi má taka, að hlutur Vestfjarða var mjög mikill þegar stóra hafnarframkvæmdir í Bolungarvík stóð yfir. Nú er hins vegar minni þrýstingur á hafnarframkvæmdir en verið hefur og má meðal annars rekja það til minnkandi flota víða á Vestfjörðum - t.d. á sunnanverðum Vestfjörðum, og uppbyggingar hafna á liðnum árum. Ég held að miðað við óskir sem liggja fyrir frá sveitarfélögum um hafnarframkvæmdir, þá megum við Vestfirðingar þökkalega vel við una. Ef þetta er skoðað í heild þá má sjá að óskir um framkvæmdir á Vestfjörðum hafa fyrst og fremst komið frá Ísafjarðarbæ sem má kannski rekja til þess að umsvif í flutningum hafa í auknum mæli færst til Ísafjarðar og er það í samræmi við þróunina í öðrum landshlutum. Þessi atriði hafa óneitanlega í för með sér að

minna er um framkvæmdir en stundum áður,“ sagði Einar.

Hann segir að þróunin endurspeglir þær breytingar sem eru að verða á flota og fiskveiðum landsmanna. Mikill vöxtur hafi orðið í veiðum uppsjávartegunda og að landsvæði sem geri út á þær veiðar, eins og Austurland, hafi greinilega aukið hlut sinn í útlögðum kostnaði ríkisins vegna hafnarframkvæmda. Einar telur að menn verði að skoða hlutina með tilliti til þessa auk þess sem ekki megi gleyma þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað, því hún hafi áhrif á framkvæmdaþörfina og óskir sveitarfélaganna.

Áherslan er mest á Ísafjörð

- En eru hafnamálin í réttum farvegi, að mati Einars?

„Ég myndi í fyrsta lagi vilja sjá meiri þróun í átt til hafnasamlaga og í öðru lagi myndi

Fegurðarsamkeppni Grunnskólans

Rakel og Tómas kjörin „beib“ ársins

Árleg fegurðarsamkeppni nemenda Grunnskólans á Ísafirði var haldin í félagsheimilinu í Hnífsdal á föstudagskvöld. Það var 10. bekkur skólans sem hafði veg og vanda af skipulagningu keppninnar, sem öðrum þræði var viðurkenningarkvöld til hinna ýmsu nemenda 10. bekkjar fyrir framlag þeirra til skólasamfélagsins. Það voru þau Rakel Magnúsdóttir og Tómas Reynisson sem báru sigur úr bytum í fegurðarsamkeppninni og voru þau krýnd „Herra og Ungfrú beib“ 1997. Fengu þau blómverndi að launum auk rausnalegra verðlauna sem ýmsar verslanir og fyrirtæki á Ísafirði lögðu til keppninnar. Að krýningu lokinni var stígginn dans fram undir miðnætti. Ljósmyndari blaðsins leit við á fegurðarsamkeppninni og tók meðfylgjandi mynd af sigurvegurinum.



Rakel Magnúsdóttir og Tómas Reynisson voru kjörin „Herra og Ungfrú beib“ á árlegri fegurðarsamkeppni 10. bekkjar grunnskólans á Ísafirði sem haldin var á föstudagskvöld.

ASV hafnar lausn með miðlunartillögu

Ummæli forsætisráðherra glannaleg

- segir Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusambands Vestfjarða

Sjötta vika verkfalls á Vestfjörðum er hafin og bólar ekki enn á lausn kjaradeilunnar. Á sunnudag áttu forsætis- og félagsmálaráðherra fund með fulltrúum ASV og vinnuveitenda sem gerðu þeim grein fyrir stöðu mála.

Búist hefur verið við sátta-tillögu frá ríkissáttasemjara en líkur á því hafa minnkað vegna skeytis sem samninganefnd ASV sendi sáttasemjara í gær, en þar hafnar ASV því að deilan verði leyst með miðlunartillögu á þessu stigi málsins og er ástæðan rakin í skeytinu:

„Ummæli forsætisráðherra, þar sem hann blandar sér óviðurkvæmilega í kjaradeiluna og tók afstöðu með öðrum aðilanum um leið og hann gaf uppskrift að lausn deilunnar

sem verkafólk getur engan veginn sætt sig við, gefur ekki fyrirheit um ásættanlega niðurstöðu.“ Í skeytinu lýsir samninganefndin þó fyllsta trausti á embætti ríkissáttasemjara og telur hlutleysi þess hafið yfir ógætilegar glósur frá forsætisráðherra.

„Við viljum ekki fá neina tillögu frá ríkissáttasemjara, a.m.k. ekki miðað við þá uppskrift sem forsætisráðherra gaf,“ sagði Pétur Sigurðsson, forseti ASV, í samtali við blaðið. „Forsætisráðherra kallar okkur á vinsamlegt spjall og að því loknu gengur hann út á tröppur ráðherrabústaðarins og tekur afstöðu gegn okkur með vinnuveitendum. Þar segist hann vera óháður og sjálfstæður aðili að málinu sem hann

geti ekki haft nein áhrif á samkvæmt lögum en segir svo: að þrátt fyrir það verði hann að segja að ríkissáttasemjari geti ekki borið fram tillögu sem gangi á snið við samninga sem búið er að gera við Verkamannasambandið og tvö félög á Vestfjörðum. Þessi ummæli eru ákaflega ógætileg og glannaleg hjá forsætisráðherra og er ekkert annað en uppskrift, enda eru vinnuveitendur búnir að draga til baka það litla sem þeir voru búnir að slaka út. Þessi eina króna og fjórtán aurar stendur ekki lengur til boða og það eru sjálfsagt ummæli forsætisráðherra sem hafa hleypt í vinnuveitendur þessum kjarki,“ sagði Pétur Sigurðsson.

Styrkir til greiðslu gjalda af snjóflóðahúsum

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að veita eigendum húsaanna að Unnarstíg 4 og 6, Ólafstúni 3 og 4 og Hjallavegi 2, á Flateyri, styrki til

greiðslu fasteignagjalda ársins 1996.

Er þetta gert í samræmi við ákvörðun hreppsnefndar Flateyrar á sínum tíma um niður-

fellingu fasteignagjalda á húsum sem skemmdust að hluta í snjóflóðinu á Flateyri 1995.



Hlutur Vestfjarða af hafnafé var mjög mikill þegar stóra hafnarframkvæmdin í Bolungarvík stóð yfir, segir Einar K. Guðfinnsson.

ég vilja sjá skýrari verkaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna. Ég tel að við ættum að finna leiðir sem leitt gætu til að sveitarfélögin myndu alfarið sjá um tiltekna framkvæmdir og ríkið sæi alfarið um aðrar. Þá myndu sveitarfélögin fá meira sjálfstæmi um ýmsar framkvæmdir og þyrftu ekki að vera háðar ákvörðunum ríkisvaldsins með tilheyrandi biðtíma.

- Fjárveitingar til Norðurlands eystra virðast vera hlutfallslega miklar síðustu ár. Hefur sú staðreynd að þetta er kjördæmi bæði fyrrverandi og

núverandi samgöngumálaráðherra kannski eitthvað með það að gera?

„Nei, ég held að það sé ekki. Ég held að þessi staðreynd endurspegli fyrst og fremst þörfina. Akureyri er t.d. orðin mikil miðstöð útflutnings á norðanverðu landinu og sömu leiðis er Húsvík mikil útflutningshöfn vegna kísilkúrsins. Einnig fer fram á þessu ári og því næsta, mikil uppbygging í hafnarmálum á Þórshöfn sem tengist miklum umsvifum í uppsjávarveiðum. Ég held að þegar hver höfn er skoðuð út af fyrir sig, þá eru til staðar

efnislegar skýringar á framkvæmdum í langflestum tilvikum. Ef við skoðum t.d. Vestfirði, þá sjáum við að yfirgnæfandi hluti útgjalda til hafnamála á Vestfjörðum er til Ísafjarðarhafnar. Það kann að skýrast af því að flutningamynstrið er að breytast. Fæstar hafnirnar fyrir vestan eru flutningahafnir, heldur eru þær fiskihafnir. Flutningakerfið er að beinast inn á tiltölulega fáar hafnir - á Vestfjörðum vegur Ísafjörður þyngst og þess vegna er áherslan svona mikil þar,“ sagði Einar K. Guðfinnsson að lokum, en hann vildi vekja athygli á að sam-

göngunefnd Alþingis hefði verið samstíga um afgreiðslu hafnaáætlunarinnar.

Ráðherra hefur beitt sér vel fyrir sig og sína

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður Vestfirðinga, sagði í samtali við blaðið að skýringu á minnkandi hlut Vestfjarða í hafnafé mætti e.t.v. rekja til áherslna samgöngumálaráðherra. „Það hefur engin hafnaáætlun verið í gildi þau ár sem Halldór Blöndal hefur verið samgöngumálaráðherra og

hann hefur greinilega beitt sér vel fyrir sig og sína. Síðustu ár hafa Vestfirðingar átt í fjárhagsferfðleikum og sveitarfélögin hafa sótt minna í framkvæmdir en ella, vegna þess að þau hafa séð fram á að eiga ekki fyrir sínum hlut. Það er þó ljóst að Ísafjarðarbær, eða gamli Ísafjarðarkaupstaður, hefur ekki komist að og hefur setið eftir. Þó að miklar framkvæmdir séu fyrirhugaðar þar á næstu árum, þá má líta á það sem uppsöfnun frá fyrri árum. En ég er samt ekki viss um að þetta fullnægi framkvæmdaþörfinni þar.

Með hafnaáætlun eru þessi

mál í betri farvegi en oft áður. Ég er samt ekki alveg sannfærður um að það sé rétt að Alþingi sé að deila út 600-700 milljón króna ríkisstyrkjum á hverju ári. Ég er á því að það ætti að láta þetta í hendur heimamanna hvort sem það yrðu sveitarfélög eða einstök héruð sem fengju tekjustofnana, en þá yrði þeim skipt á milli ríkis og sveitarfélaga. Mér finnst að heimamenn eigi að ráða áherslunum í samgöngumálum og ef þessi háttur væri hafður á, þá myndu heimamenn ráða því hvort peningarnir eru settir í höfn eða veg,“ sagði Kristinn.

Ólafur Helgi Kjartansson skrifar

Til umhugsunar vegna greinar um bílbelti og myndbirtingu í síðustu viku

Í síðustu viku ritaði undirritaður nokkur orð um bílbeltanotkun að gefnu tilefni. Bíll valt á Skutulsfjarðarbraut og þrennt slapp ómeitt. Með greininni birtist mynd af bíl á hliðinni og utan hans lá barnabílstóll.

Til þess að koma í veg fyrir

allan misskilning skal tekið fram að stóllinn átti ekkert hlutverk í umrætt sinn. Barn var ekki í honum. Og börnin tvö, þriggja og sjö ára voru bæði föst í bílstól og sluppu sem fyrr sagði.

Það er kjarni málsins að nota öryggistækin í bílnum í hvert

sinn sem ekið er, sérstaklega þarf að huga að öryggi barna. Fullorðnir gæzlumenn þeirra og bera alla ábyrgð, sérstaklega bílstjórinn hverju sinni.

-Ólafur Helgi Kjartansson, formaður umferðaröryggisnefndar Ísafjarðarsýslu.

Barna- og unglíngakór Hallgrímskirkju

Heldur tónleika í Ísafjarðarkirkju

Barna- og unglíngakór Hallgrímskirkju í Reykjavík heldur tónleika í Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 31. maí kl. 16. Kórinn skipa börn á aldrinum 7-9 ára, sem er yngri deild kórsins og 10-14 ára, sem er eldri deild. Efnisskráin er fjölbreytt og verða m.a. flutt lög

eftir Hjálmar R. Ragnarsson, íslensk og erlend þjóðlög ásamt kórverkum eftir Antonio Vivaldi, Telemann og Cesar Franck.

Í kórnum eru 38 börn og er þetta í fyrsta sinn sem kórinn heldur í tónleikaferð út á land. Í ferðinni verða einnig tólf

foreldrar, en fyrirhugað er að dvelja á Ísafirði fram til mánu dagsins 2. júní. Undirleikari á tónleikunum verður Hulda Bragadóttir, organisti Ísafjarðarkirkju. Kórstjórar eru þær Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir og Marta Hrafnadóttir.

Átak í ferðaþjónustu á Vestfjörðum

Athygli vakin á sérstöðu veganna

Hrint hefur verið í framkvæmd áttakinu „Vinir vegna Vestfjörðum“ en tilgangur með því er að beina sjónum manna að vegum á Vestfjörðum og bæta ímynd þeirra í hugum Íslendinga, jafnvel þótt þeir þyki ekki eins góðir

og best verður á kosið.

Ætlunin er að vekja athygli á áttakinu með ýmsu móti, m.a. með því að efna til vegahátíðar um verslunarmannahelgina og veita þeim sem ferðast um vestfirsku vegi, sérstakt „hafnisskírteini“. Forsvarsmenn

áttaksins eru þau Sigríður Ó. Kristjánsdóttir hjá Vesturferðum á Ísafirði, Sigurjón Þórðarson í Flókalundi í Vatnsfirði, Gunnar Egilsson í Hópinu á Tálknafirði og Elín Óladóttir, Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði.

Opnunartími

í sumar frá 1. júní

Mánudaga - laugardaga
frá kl. 7:30 til kl. 23:30

Sunnudaga
frá kl. 9:00 til kl. 23:30

Bensínstöðin Ísafirði

Ekki bara bensín...

Ísafjörður

Árleg blómasala

Árleg blómasala kvendæildar S.V.F.Í., verður fimmtudaginn 29. maí nk. Vegna komu nýs björgunarbáts til Ísafjarðar hafa slysavarnakonur ákveðið að allur ágóði af sölunni renni óskipt-

ur til bátsins.

Það er einlæg von slysavarnakvenna að bæjarbúar taki vel á móti sölufólki þegar það gengur í hús á fimmtudaginn, eins og undanfarin ár.

Ísafjörður

Sérfræðingur

Sigurður Júlíusson, hálsnef- og eyrnalæknir er væntanlegur til Ísafjarðar í byrjun næsta mánaðar.

Hann verður á Heilsugæslustöðinni á Ísafirði, dagana 5.-7. júní. Tímantánir hjá Sigurði eru í síma stöðvarinnar, 456 3811.



Af fullkomna frystiskípi yfir á króka



Sigurgeir landar steinbít úr báti sínum, Völusteini ÍS-89.

Sigurgeir Þórarinnsson, sjómaður

Utankvótategund- irnar vega þungt

Sigurgeir Þórarinnsson var að landa úr báti sínum Völusteini ÍS-89 í Bolungarvík, þegar blaðamaður náði tali af honum, en bátinn á hann í félagi við Jóhann Kristjánsson. Aflinn, 800 kíló, var að mestu steinbítur sem Sigurgeir hafði fengið á 15 bala línu út af Skálavík. Hann sagðist nokkuð ánægður með aflabrögðin á vertíðinni og þá sérstaklega fyrst eftir að steinbíturinn byrjaði að gefa sig til, um miðjan mars. Upp á síðkastið hafi hins vegar verið fremur tregt, en hann bjóst þó við að halda steinbítveiðum áfram fram í miðjan júní, svo fremi að aflinn færi ekki mikið niður fyrir tonnið í róðri. Þegar aflinn var mestur í vetur, réri Sigurgeir við annan mann og var að koma í land með 5 tonn af steinbít þegar best lét. Þá reri hann reyndar með 22 bala en hefur fækkað þeim niður í fimmtán og er nú einn á. Frá upphafi steinbítvertíðarinnar er Sigurgeir búinn að fá 50-60 tonn af steinbít og segir að utankvótategundimar vegi þungt í útgerðinni.

„Þetta er svo litill þorskvóti sem maður hefur þannig að það munar um hvern dag sem hægt er að róa á utankvótategund,“ sagði Sigurgeir. „Fyrsta hálf mánuðinn í vetur var þetta mikið frá 2½ tonni og upp í 5 tonn í róðri, en þetta hefur verið að tregast smátt og smátt síðan,“ sagði

hann. Völusteinn er krókabátur með þorskaflahámark og er af gerðinni Gáski 800. Ganghraðinn er um 20 mílur á klukkustund og það tekur t.d. ekki nema klukkustund fyrir Sigurgeir að komast á miðin út af Skálavíkinni. Hann segist þó ekki keyra vélina af fullu afli og er það ráðstöfun til að spara olíu. Sigurgeir hefur um 85 tonna þorskvóta en hann má sækja ótakmarkað í allar aðrar tegundir svo fremi að hann noti til þess krókaveiðarfæri. Hann á um 15 tonn eftir af kvótanum sem hann ætlar að reyna að geyma fram í ágúst. Þá ætlar hann að reyna við ýsu og segir að með henni komi alltaf einhver þorskur og vissara sé því að eiga eftir einhvern kvóta. - En er 85 tonna kvóti nægur til að dæmið gangi upp? „Þetta er búið að vera allt í lagi það sem af er og við höfum getað sótt í ýsu og steinbít jafnframt þorskinum. En nú er kvótinn að verða búinn og allt sumarið framundan. Ég myndi vilja eiga svona fiskað fram á haust. Það er líka mjög slæmt við þetta kerfi að okkur er ekki heimilt að leigja kvóta. Við verðum að kaupa kvóta, þ.e.a.s. báta sem við verðum að úrelða til að geta nýtt af þeim kvótann. Í kvótakerfi stærri skipanna er hins vegar leyfilegt að leigja kvóta tímabundið. Þarna finnst mér að verið sé að mismuna mönnum.“

- Sigurgeir rær allt árið á Völusteini sem er einungis 5,9 tonna bátur. Hvernig finnst honum að sækja sjó á svona litlum báti yfir vetratímum?

„Það á auðvitað ekki að þekkjast að menn rói svona litlum bátum yfir vetrartímum, en maður verður bara að gera þetta. Flotinn virðist vera að þróast í að verða stór verksmiðjuskip annars vegar og svo svona smábátar hins vegar. Það eru ekki að verða eftir neinir þessara hefðbundnu vertíðarbáta sem voru svo algengir áður og það er kvótakerfinu að kenna ásamt afnámi línutvöföldunarinnar. Það er til dæmis bara Guðný eftir herna og ég held að hún sé síðasti línuvertíðarbáturinn á Vestfjörðum, þ.e.a.s. sem er á landróðrum. Í vetur hafa svo verið svona fimm smábátar á línu héðan frá Bolungarvík.“

Þrjú ár eru liðin síðan Sigurgeir hóf útgerð Völusteins og fullyrðir hann að mikil breyting til batnaðar hafi orðið á þorskgengd undanfarin ár. „Það er alltaf að bæta í þorskin - það er engin spurning. Þeir sem mega veiða þorsk eru að fá upp í sex tonn á 22 bala og það hlýtur að teljast mjög gott. Ég er að vonast til að það verði bætt við kvótann í haust, en það myndi þýða að við færum í 100 tonn,“ sagði Sigurgeir.

Þegar BB heimsótti höfnina í Bolungarvík á dögnum, voru Guðmundur Einarsson og Guðmundur Jens Jóhannsson að koma úr annri veiðiferðinni á glænýjum báti sínum, Guðmundi Einarssyni ÍS-155, sem er af Viking 800 gerð. Þeir nafnar eiga og reka úrgerðarfélagið Ós sf., ásamt föður Guðmundar og tengdaföður Guðmundar Jens, Einari Guðmundssyni. Þeir gera einnig út Sómabátinn Ásdísi ÍS, sem er á færum og rær Einar honum alla jafna.

Einn mesti þorsk- kvótinn í Bolungarvík

Guðmundur Einarsson hafði orð fyrir þeim nöfnum þegar blaðamaður spjallaði við þá. Hann er nýhættur á frystitogar- anum Guðbjörgu eftir 18 ára starf sem stýrimaður og afleysingaskipstjóri síðasta eitt og hálf árið. Hann hefur þó stundað sjóinn á smábáti í fríum sínum síðustu árin, eða allar götur síðan 1987 þegar þeir eignuðust fyrsta bátinn. Eins og fyrr sagði voru Guðmundarnir að koma úr annarri veiðiferðinni á nýja bátinum og voru með 1,5 tonn, að mestu steinbít, á 24 bala línu.

„Við vorum með tuttugu bala sem voru beittir með loðnu og fjóra sem voru beittir með smokk. Við fengum sennilega 600 kíló af aflanum á þessa fjóra smokkbala sem við lögðum í morgun en loðnubalana lögðum við í gær,“ segir Guðmundur aðspurður um aflabrögð. Hann segir að báturinn hafi reynst mjög vel til þessa enda allur búnaður eins og best verður á kosið. Vélir er 360 hestafla Volvo Penta sem knýr bátinn áfram á allt að 30 mílna ferð. Tæki í stýrishúsi eru af fullkomnustu gerð og þar á meðal er Macintosh tölva sem hefur m.a. að geyma Maxi plotterhugbúnað en sá búnaður hefur hingað til einungis verið í stærri skipum og togurum. Að sögn Guðmundar var kaupverð bátsins um 12 milljónir króna. Ós átti á tímabili og gerði út þrjú báta en Guðmundur segir að þeir hafi orðið að úrelða tvo

þeirra upp í nýja bátinn og auk þess keypt einn til viðbótar til úrelingar. „Við þurftum bara veiðheimildina þannig að við gáfum seljandanum bátinn, enda höfðum við ekkert að gera við hann,“ segir Guðmundur. Hann segir að þeir félagar hafi smá saman verið auka kvóta sinn á undanföllum árum og nú séu þeir sennilega með fjórða eða fimmta mesta þorskvótann í Bolungarvík, eða samtals 163 tonn. Bátarnir tveir eru undir 6 tonnum og eru á svokölluðu þorskaflahámarki með rétt til frjálsra krókaveiða á öllum öðrum tegundum en þorski. „Við erum nú aðallega að prófa bátinn núna og að reyna að fá smávegis steinbít á lífunu. Annars ætlum við að vera á skaki í sumar og þá kannski eitthvað á útilegu. Þetta er nú eitthvað annað en úthaldið á frystitogurum,“ segir Guðmundur og hlær.

Betra að eignast þetta sjálfur en að aðrir hagnist á minni vinnu

- Já, er það ekki. Hvað kom til að þú söðlaðir um og hættir á Guggunni?

„Mér var farið að leiðast þetta eftir átján ár á Guðbjörginni og tuttugu ár á togara. Svo er miklu betur að eignast þetta sjálfur heldur en að láta aðra verða ríka á sinni vinnu. Heldur þú að það sé t.d. einhver hemja að menn sem eru búnir að vera 50 ár til sjós, þurfi eftir það að fara kaupa sér réttindi til að mega veiða fisk. Við höfum nú dæmi um þetta herna í Bolungarvík og víðar. Þessir karlar mega ekki einu sinni fara herna á handfæraveiðar án þess að kaupa báta og heimildir dýrum dómum.“

- Hafði sameining Hranar hf. við Samherja hf. eitthvað að segja um það að þú ákvaðst að hætta á Guggunni?

„Ekki nema það að ég ákvað að nota tækifærið þegar Hrönn hf. hætti.“

- Varstu kannski orðinn þreyttur á þessum löngu útverum?

„Það var auðvitað þreytandi til lengdar að dvelja langdvölum að heiman, en ég held að það hafi samt ekki haft úrslitaáhrifin. Ég held að það hafi bara verið löngunin til að gerast smábátasjómaður.“

Frelsstilfinning sem fylgir þessu

- En hver er aðalmunurinn á því að vera á Guðbjörgunni og svo á Guðmundi Einars?

„Það er fyrst og fremst hin líkamlega vinna. Ég var búinn að vera 13 ár í brúnni á Guggunni og þar var þetta meira andlegt álag en líkamlegt og miklu meira stress. Nú fer maður líkamlega þreyttur að sofa á kvöldin en tiltölulega stresslaus. Mér líður svakalega vel svona einum út á sjó og það er mikil frelsistilfinning sem fylgir þessu.“

- Það er sem sagt hægt að gera út þrátt fyrir núgildandi kvótakerfi?

„Það verður auðvitað að stjórna veiðunum og það er eiginlega ekki hægt öðruvísi en með aflakvóta. Bátarnir eru orðnir svo öflugir að það væri aldrei hægt að gefa þessar veiðar frjálsar því þá yrði allt vitlaust. Bátur eins og Guðmundur Einarsson gæti þá kannski verið að fiska 300-400 tonn af þorski á meðan þorskvóti togara væri 400-500 tonn. Ég held að það gangi aldrei upp.“

- Nú eruð þið með rúmlega 160 tonna kvóta. Nægir það til að dæmið gangi upp?

„Það nægir af því að við fáum að veiða ýsu og steinbít utan kvóta. Það er kannski ekki öruggt að svo verði áfram en við fengjum þá a.m.k. viðmiðun ef þessar tegundir verða kvótasettar. Í dag eru þessar utankvótategundir forsenda þess að svona útgerð geti borið sig. Ég er sáttur við þetta kerfi á meðan við fáum að vera í fríði og þá meina ég að ekki verði settir á okkur stoppdagar og þess háttar. Áður var þetta þannig að við máttum ekki róa á föstudögum, laugardögum og sunnudögum, aðra og fjórðu

asta nu bát



Guðmundur Einarsson og Sigurgeir Þórarinnsson bera saman bækur sínar að lokinni veiðiferð.

hverja helgi ásamt því að það var 10 daga stopp í apríl og ágúst. Núna höfum við þó þetta og megum róa hvenær sem við viljum.“

Það er góðæri í sjónum

- Nú völdu sumir smábátá-eigendur svokallað sóknardaga-kerfi á síðasta ári. Sóknin í því kerfi hefur verið svo mikil að allt bendir til þess að dagarnir á næsta ári hjá þessum bátum verði næsta fáir. Þrýst hefur verið á stjórnvöld að fjölga þessum dögum og jafnvel að það verði settur 60 daga botn á kerfið. Verður ekki allt vitlaust ef stjórnvöld láta undan þessum þrýstingi?

„Jú, þetta gæti valdið illdeilum og þá væri ekki verið að fara eftir reglunum sem talað var um þegar smábátáeigendum var boðið að velja á milli þessarar tveggja kerfa. Hins hefur borið á aukinni þorsk-gengd og í ljósi þess hljóttum við að fá aukningu á næsta fiskveiðiári. Ef svo færi, þá finndist mér eðlilegt að sóknar-dagabátarnir myndu fá hlutfalls-lega jafnmikla aukningu á dög-um. Það er góðæri í sjónum í dag og þau 10 ár sem við höfum verið við þetta þá hefur að mínu mati aldrei verið jafn mikið um þorsk eins og núna í haust og vetur og það sem af er vori. Ég tel að fiskifræðingum væri al-veg óhætt að bæta 50 þúsund tonnum við kvótann fyrir næsta fiskveiðiár og stoppa við þann kvóta næstu ár og sjá hver framvindan verður.“

Guðmundur segir að það hafi oft hvarflað að þeim félögum að setja upp fiskvinnslu en ekki hafi orðið af því enn. Afurða-verð sé það lágt að betra sé að einbeita sér að veiðunum. Hinsvegar geti vel verið að þeir hefji fiskvinnslu einhvern tím-ann í framtíðinni. Eins og áður sagði þá er ætlunin að nafnarnir verði á nýja bátum en Einar á Sómabátum. Guðmundur segir að þessi útgerð þeirra væri illfrankvæmanleg án Guð-mundar Jens, sem er heilinn á bak við allar viðgerðir og við-hald bátanna. Guðmundur Jens

má hins vegar ekkert vera að því að eyða tímanum í viðtal og var rokinn til að útvega beitu um leið og búið var að landa.

Smábátáutgerð hefur mikla þýðingu fyrir Bolungarvík

- En hvaða þýðingu hefur

smábátáutgerð fyrir bæjarfélag eins og Bolungarvík, að mati Guðmundar Einarssonar?

„Þessi útgerð hefur alveg gífurlega þýðingu fyrir Bolung-arvík. Við tókum aflla smábáta einu sinni saman og það kom í ljós að þeir voru að landa frá 800-1200 tonnum á ári og nánast allur þessi afli var unninn hér. Ég held að t.d. togarinn

Dagrún hafi ekki svo mikinn þorskkvóta þannig að það er alveg ljóst að smábátarnir vega mjög þungt hér í Bolungarvík. Ég held að bæjarstjórnarmenn hafi ekki gert sér grein fyrir þessu. Við fórum til þeirra og sýndum þeim þessar tölur og þeir urðu alveg steinhissa. Smábátarnir hafa t.d. gjörsam-lega bjargað Suðureyri eftir að togarinn þar og línubáturinn fóru úr byggðarlaginu svo dæmi sé tekið.“

- Er aðstaða til smábátáut-gerðar nægjanlega góð í Bol-ungarvík?

„Nei, alls ekki. Okkur finnst t.d. helvíti hart að hafa ekki betri löndunarkrana og svo vantar okkur steypa braut þar sem við gætum tekið bátana á land til viðhalds og viðgerða. Það er búið að tala um þetta í mörg ár en aldrei orðið úr framkvæmdum. Það á auðvitað að byggja upp góða aðstöðu að því það myndi ef til vill laða að báta annars staðar að af landinu og það myndi leiða til meiri afla, meiri tekna fyrir hafnarsjóð o.s.frv. Það þarf að markaðs-setja höfnina almennilega því það eru gjöfuleg fiskimið hérna rétt fyrir utan og að mörgu leyti hagkvæmt að gera út héðan. Það er til að mynda mikið styttra á miðin héðan en frá Ísafirði. Ætli það muni ekki um tveimur tímum í röðri fyrir marga bát-anna.“

Er mikið um aðkomubáta hérna?

„Það er óvenjulega lítið um þá núna - ég held að það sé bara enginn kominn enn. Þetta hafa oft verið svona 5-7 bátar en þeir koma sennilega ekki núna vegna þess að það er alls staðar fiskur.“

Verðum að fá að hagræða eins og aðrir

Guðmundur er ósáttur við að mega ekki nota sömu leiðir til hagræðingar og viðgengst í al-vöru kvótakerfinu, eins og hann orðar það.

„Við megum ekki leigja kvóta og við megum ekki heldur færa kvóta á milli báta í eigu

sömu útgerðar. Útgerðir stærri skipanna mega selja, leigja og færa kvóta á milli skipa alveg eins og þær vilja, en við höfum enga möguleika á að hagræða á þennan hátt. Það eina sem við megum er að kaupa báta og úrelða þá til að geta síðan flutt kvótann yfir á okkar báta. Það er alltaf verið að tala um að kvótakerfið eigi að leiða til hagræðingar en ég get ekki séð annað en að þetta sé gjör-samlega njörvað niður í þessu kerfi. Við megum leigja úr hinu kerfinu í þetta kerfi en þeir mega ekki leigja af okkur og það finnst mér vera mismunur.“

- En geta stóru útgerðirnar keypt svona bát eins og ykkar og hirt aflaheimildirnar?

„Nei, það geta þær ekki sem betur fer. Ef það væri hægt þá myndu þessar aðilar kaupa upp alla smábáta á landinu sem eru í þessu kerfi. Þetta þurfa að vera aðskilin kerfi, en við þurfum að fá að hagræða í okkar kerfi líka.“

Guðmundur er á móti því að allur fiskur fari á markað og segir að menn eigi að fá að ráða því hvar þeir leggi upp. Á meðan hann var á Guðbjörginni sá hann hvernig verð á mörkuð-um hrundi þegar framboð var mikið og þess vegna vill hann sjálfur hafa eitthvað um það að segja hvert hann selur sinn fisk. Hann segir að samkeppni um

hráefni sé mikil í Bolungarvík en hún birtist kannski frekar í þeirri þjónustu sem er boðin bátum fyrir viðskipti fremur en í verðinu.

Get ekki hugsað mér sjómannadag án messu

Guðmundur er farinn að ókyrrast og á eftir að sinna ýmsu áður en dagurinn er úti þannig að blaðamaður vindur sér í lokaspurninguna. - Hvernig heldur þú upp á sjómannadaginn Guðmundur?

„Síðasta sjómannadag var ég á Flæmska hattinum og það var í annað skiptið sem ég er ekki heima á sjómannadegi. Núna ætla ég að halda daginn hátíð-legan hérna heima í Bolung-arvík á hefðbundinn hátt. Það er regla hjá mér að fara í skrudgönguna frá brjótunum og upp í kirkju þar sem ég hlýði á sjómannadagsmessu, en ég get ekki hugsað mér sjómannadag án þess. Síðan tek ég þátt í og fylgist með róðrakeppninni og öðrum skemmtiatriðum við höfnina. Um kvöldið er svo vanalega farið í einhvern gleð-skap og undanfarin ár hefur árs-hátíð Hrannar verið haldin þetta kvöld. Ætli það verði bara ekki árs hátíð hjá Ós sf. að þessu sinni,“ sagði Guðmundur.



Guðmundur Einarsson við stýrið á nafna sínum.



Nýi báturinn er óneitanlega glæsilegur farkostur.

Fiskveiðistjórnunin - hvað ber að gera?

Áhrifin af afnámi línutvöföldunar á síðasta ári létu ekki á sér standa og á Vestfjörðum dró mjög úr vinnu og afla vegna þeirrar breytingar. Í leiðara BB um miðjan síðasta mánuð var málið tekið til umfjöllunar og þingmenn spurðir um hvað þeir segðu nú, hvað þeir segðu við fiskveiðistefnunni og hvað þeir ætluðu að gera í framhaldi af þessari reynslu.

Í framhaldi af skrifum BB skrifaði ég grein í BB þar sem rakin var afstaða mín og Alþýðubandalagsins til þess að afnema línutvöföldunina þar sem minnt var á að Alþýðubandalagið var eini þingflokkurinn sem lagðist gegn því að afnema línutvöföldunina og ég var eini þingmaður kjördæmisins sem greiddi atkvæði gegn þeirri breytingu. Eftir var að svara spurningum blaðsins um afstöðu til fiskveiðistefnunar og hvað beri að gera og verður úr því bætt með þessum pistli.

Almennt um fiskveiðistjórnina má segja að það er hægt að gera hverja þá breytingu sem Alþingi kys. Það hefur fullt og óskorað löggjafarvald í þessu máli og lagabreytingar skapa engan bótarett á hendur ríkinu. Þannig er t.d. hægt að afnema aflamarkskerfið og taka upp aðra stjórn svo sem flotastýringu, það væri líka hægt að aftengja aflamarkskerfið skipum og bjóða það upp og selja hæstbjóðanda eða úthluta því eftir tilteknum reglum, svo dæmi

séu nefnd. Það er hins vegar annað mál hvaða er raunhæft í þessum efnum. Ég tel til dæmis að aflamarkskerfið yrði aldrei aflagt í einu vefangi, heldur tæki langan tíma, 5 - 10 ár, að láta breytinguna ganga að fullu í gildi, jafnvel þótt óumdeilt sé að Alþingi getur sett lög hvenær sem er og afnumið aflamarkskerfið samstundis. Ég tel það líka óraunhæft að hægt verði að ná samstöðu um nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi algerlega ólíku aflamarkskerfinu og lögfesta það.

Það sem ég tel raunhæft er að ná fram breytingum á núverandi kerfi og þróa það áfram ár frá ári og eftir einhvern tíma væri löggjöfin orðin þannig að hægt væri að búa við hana og þá væri jafnvel löggjöfin orðin verulega breytt og ólík því sem hún er nú.

Að mínu mati eru verulegir ágallar á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Þeir helstir að strandveiðar og fiskvinnsla í landi eiga undir högg að sækja. Núverandi löggjöf lítur að heita má algerlega framhjá þessum hagsmunum og afleiðingin er veik staða sjávarbyggða, einkum þeirra sem byggja að mestu á bolfiskveiðum og vinnslu og sérstaklega eiga fámennu sjávarplássin í vök að verjast. Ástæða þessa er að nokkru leyti að löggjöfin ívilnar sjóvinnslu og stórskipaveiðum umfram veiðar bátaflotans. Leikreglurnar eru ekki sanngjarnar í þess-



Kristinn H. Gunnarsson. um efnum.

Samandregið eru þessar helstu breytingar sem ég vildi gera:

* styrkja stöðu bátaútgærdar á miðum nálægt landi, meðal annars með því að veita henni forgang að þeim miðum, sem við getum kallað heimamið. Þar er ég með í huga mið innan 20 mílna frá landi.

* stýra sókninni meir en nú er gert, meðal annars beina stórum skipum á mið fjær landi og minni skipum stýrt til veiða nær landi.

* láta löggjöfina endurspegla mismunandi áherslur gagnvart einstökum veiðarfærum. Til dæmis ívilnun á aflamarki ef veitt er á línu á dagröðrabát.

* láta löggjöfina stuðla meir að því en nú er að veiðiheimildir hverju sinni verði í höndum þeirra sem nota þær til veiða. Lágmarka hvatann til þess að framleigja veiðiheimildir í

tekjuöflunarskyni.

* stuðla að því að lækka verðmæti veiðiheimildanna.

* taka upp svæðisskiptingu á leyfðum heildarafla í hverri fisktegund og þá í tengslum við stýringu veiða milli bátaflotans og togaraflotans.

* stefnt verði að því að auka virðisauka sjávarútvegsins sem mest innanlands með því að leggja áherslu á landvinnslu og stýra hráefninu í ríkara mæli til hennar, þróa landvinnslu þannig að hún geti bæði unnið úr ferskum fiski og tekið afurðir úr frystiskipum til framhaldsvinnslu. Óhjákvæmilegt er að veita landvinnslunni með einhverjum hætti hlutdeild í aflamarkskerfinu meðan stuðst er við það.

Að lokum vil ég geta þess að ég lagði fram á lokadögum þingsins til kynningar tvö frumvörp, sem miða að því að bæta löggjöfina í þá átt sem að framan er talið. Það yrði of langt mál að gera grein fyrir efnisatriðunum í þessari grein, en þó má nefna tillögu um óbeina hlutdeild landvinnslunnar í kvóta, þar með talið rækjuvinnslu með því að veita 25% ívilnun á aflamarki til skipa sem landa ónunnum fiski til vinnslu innanlands svo og 50% ívilnun til báta sem veiða fisk á línu eða handfæri og landa til vinnslu innanlands innan sólarhrings frá því veiðiferð hefst.

Kristinn H. Gunnarsson

Dagskrá sjómanna­dagsins á Ísafirði og í ná­grannabyggðum

Dagskrá sjómanna­dagsins á Ísafirði verður fjölbreytt að þessu sinni, en það er karla­deild Slysavarnafélagsins sem sér um framkvæmd hennar. Á laugardaginn verður farið í siglingu frá Ásgeirsbakka kl. 10:30 og kl. 13:30 verður hið nýja björgunarskip Vestfirðinga vígt. Séra Magnús Erlingsson mun blessa skipið og Ólafur Helgi Kjartansson, Gunnar Tómasson, forseti SVFÍ, flytja ræður. Skemmti­dagskrá við höfnina hefst kl. 14:00 með ræðu Guðjóns A. Kristjánssonar. Pétur þókus mun sýna töf­rabrögð og áhafnir keppa í netabætingu. Kl. 15:00 hefst kappróður og í kjölfarið koddaslagur og tunnuhlaup. Dagskrá laugar­dagsins lýkur svo með sig­lingu með björgunarbátum Slysavarnafélagsins.

Á sunnudaginn verður sjó­mannamessa í Hnífsdalskap­ellu og hefst hún kl. 10:00. Sjómanna­messa verður í Ísa­fjarðarkirkju kl. 11:00 og verða aldraðir sjómenn heið­raðir þar. Kl. 15:00 verður kven­nadeild Slysavarnafél­agsins í Hnífsdal með hátíðar­kaffi í Félagsheimilinu í Hnífsdal.

Í Súðavík á að reyna halda sjómanna­daginn með hefð­bundnum hætti, að sögn Ei­ríks Ragnarssonar, en hann hefur undanfarn ár stjórnað undirbúningi vegna dagsins. Hátíðarhöldin fara fram á sunnudaginn og verður m.a.

keppt í kappróðri, tunnu­hlaupi og reiptogi og ung­viðinu verður boðið í sig­lingu. Kvennadeild slysa­varnafélagsins verður með kaffisölu í skólanum og um kvöldið verður dansleikur í félagsheimilinu.

Í tilkynningu frá sjómanna­deginum í Bolungarvík segir: Laugardaginn 31. maí verður merki sjómanna­dagsins selt ásamt sjómanna­dagsblaðinu. Í blaðinu eru m.a. viðtöl við Pálma Sveinsson, fyrrum skipstjóra á Sædísí ÍS-67 og Magnús Grímsson skipstjóra á Draupni frá Súðavík. Einnig er greint frá heimsókn ritstjóra blaðsins í Ósvör við Bolung­arvík.

Kl. 10:15 á sunnudaginn verður gengið frá Brimbriót til kirkju og hlýtt á messu hjá séra Gunnari Björnssyni. Að messu lokinni verður lagður blómsveigur að minnisvarða í kirkjugarðinum. Kl. 13:30 hefjast hátíðarhöld við höfnina og verða önnur skemmti­atriði auglýst nánar þar. Kvennadeild Slysavarna­félagsins verður með kaffi­ sölu í húsi félagsins. Þar verður hægt að fá keypta „Vestfirska Elysadaga 1880-1940“, er Eyjólfur Jónsson tók saman.

Ekki tókst að ná í undir­búningaðila sjómanna­dags­ins á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri, en samkvæmt heim­ildum blaðsins verður dag­skrá dagsins á þessum stöðum með hefðbundnu sniði.

Guðrún S. Bjarnadóttir, foreldri barns við grunnskóla Þingeyrar skrifar

Til umhugsunar um skólamála í Ísafjarðarbæ

Nú hefur fræðslunefnd Ísa­fjarðarbæjar kynnt hugmyndir sínar um skólamála Ísafjarðar­bæjar, fyrir foreldraráðum grunnskólanna og foreldraráðin vonandi kynnt þau fyrir foreldrum. Allavega er búið að því hér.

Ég hélt fyrir örfáum árum, þegar við börðumst fyrir að fá 10. bekkinn heim í skólana, að við hefðum náð árangri. En í dag, 21. maí 1997, sé ég að árangur okkar þá var valtur. Það á að reyna í lengstu lög að brjóta hann niður. En við foreldrar getum staðið þétt saman og snúið vörn í sókn, hvað sem nefndum og ráðum dettur í hug.

Safnskóli er hugmynd fræðslunefndar í dag sem lausn á öllum vandamálum. Safnskóli í Holti eða safnskóli á Ísafirði, er eins og að reka börn í réttir. Safnskóli í Holti er með verri kostum og virðist vera mesti

ókosturinn við þá lausn að þá komist börnin ekki í sjöppu eða bakarí. Tel ég þó gáfulegustu hugmyndina, þar sem Holt er miðsvæðis og öll börn á svæðinu, sætu við sama borð. Safnskóli á Ísafirði og 10. bekkur á Þingeyri er bara til að vekja gremju meðal íbúa Ísafjarðar­bæjar, enda kannski engin fram­ tíð í því, þar sem allt í einu gæti fækkað í 8.-9. eða 10. bekk á Þingeyri. Ekki þætti fýsilegur kostur að halda úti þessum deildum þar. Þá verður enginn spurður, börnunum bara ekið og getum við foreldrar látið lokið okkar uppeldishlutverki við fjórtán ára aldurinn, fyrir utan að segja „góðan dag“ og „góða nótt“ við börnin. Rosa­lega þægilegt fyrir okkur eða hvað? Skólinn tekinn við að öllu leyti, jú, barnið fær að sofa heima.

Hvað um samvinnu foreldra

og skóla? Hvað ef barn veikist í skóla? Hvað verður gert? Verður barnið sent heim í leigubíl á kostnað foreldranna eða verða foreldrarnir skikkaðir til að eiga jeppabifreið eða fjórhjóladrifinn bíl, til að ná í barnið, því ef ráðamenn vita það ekki, þá er skólinn starfræktur yfir vetrar­ mánuðina. Það kemur fyrir að það snjóí. Eru vinnuveitendur Ísafjarðarbæjar tilbúnir til að hafa foreldra í vinnu, sem þurfa kannski að skreppa eftir barninu í safnskólann?

Já, skólinn er starfræktur að vetri til. Stundum er tvísýnt með veður. Á að aka börnunum í öllum veðrum? Nei, það getur ekki verið. Þá skulum við gefa okkur það tilefni að sum börn verði veðurteppt heima og önnur komist í skólann. Það líða 2-3 dagar nokkrum sinnum í sama mánuði þar til börnin komast í skólann. Jú, þau áttu



Frá Þingeyri.

að læra heima þessa daga. Þau dragast aftur úr, önnur börn í bekknum verða þreytt á því að hlusta á kennarann tyggja upp sömu rulluna tvisvar og jafnvel þrisvar. Svona getum við velt þessu fram og aftur, kostum og göllum, þó ég sjái ekki kostina, nema að því leyti að vafalaust sé ódýrara að byggja upp á einum stað en mörgum og

kennarar nýtast betur.

Eins og allir vita var Alþingi að samþykka að hækka sjálf­ ræðisaldurinn upp í 18 ár. Held ég að við verðum að hugsa okk­ ur vel um áður en við sam­ þykkjum að senda börnin að heiman, fjórtán ára.

Ef ég vildi láta barnið mitt ganga í skóla á Ísafirði, flytti ég til Ísafjarðar. En þar sem ég

ætla að búa á Þingeyri, ætlast ég til þess að börnin mín fái að vera í skóla á Þingeyri og eins að börn annars staðar í sveitar­ félaginu, fái það sama. Flat­ eyringar á Flateyri, Súgfirðingar á Suðureyri, Önfirðingar í Holti og Ísfirðingar á Ísafirði.

Guðrún S. Bjarnadóttir, foreldri barns við grunnskóla Þingeyrar.



Þátttakendur fyrir framan Landsbankann á Ísafirði að afloknu velheppnuðu hlaupi.

Landsbankahlaupið haldið í tólfta sinn

Hátt í 200 þátttakendur

Hið árlega Landsbankahlaup var haldið í tólfta sinn á laugardaginn var. Á Ísafirði tóku 183 börn á aldrinum 10-13 ára þátt í hlaupinu og komu þau víðs vegar að af Vestfjörðum.

Í flokki stúlkna, fæddar 1984 og 1985 sigraði Rakel Ingólfs-

dóttir Bolungarvík, önnur varð Rakel Sigmundsdóttir Ísafirði og þriðja varð Heiða Björk Birgisdóttir, Þingeyri. Í flokki stúlkna, fæddar 1986 og 1987 sigraði Íris Pétursdóttir Ísafirði, önnur varð Tinna Hermannsdóttir Ísafirði og þriðja varð

Kristín Ketilsdóttir Bolungarvík.

Í flokki drengja, fæddir 1984 og 1985, sigraði Rögnvaldur Magnússon, annar varð Sigurjón R. Rögnvaldsson Bolungarvík og þriðji Ágúst Hrólfsson Bolungarvík. Í flokki drengja,

fæddir 1986 og 1987, sigraði Óskar Halldórsson, annar varð Gunnar M. Elíasson Flateyri og þriðji varð Ívar Pétursson Ísafirði.

Að keppni lokinni fór fram verðlaunaafhending og þátttakendur nutu veitinga bankans.

Þriðju áskriftartónleikar Tónlistarfélags Ísafjarðar

Ingveldur og Jónas við slaghörpuna

Þriðju áskriftartónleikar Tónlistarfélags Ísafjarðar verða haldnir í Frímúrarasalnum á Ísafirði, laugardaginn 31. maí nk., kl. 14:00. Flytjendur á tónleikum er sópransónkonan Ingveldur Ýr Jónsdóttir og Jónas Ingimundarson píanóleikari, en á efnisskránni eru íslensk og erlend sönglög, bæði gamlir kunningjar og lítt þekkt lög.

Tónleikarnir eru haldnir undir heitinu „Við slaghörpuna“ enda mun Jónas kynna efnisskrána jafnóðum „frá slaghörpunni“, en áheyrendur fá hana ekki í prentuðu formi fyrr en í lok tónleikanna.

Sum ljóðanna verða flutt í tveimur útgáfum, t.d. Draumalandið eftir Sigfús Einarsson, sem allir þekkja, svo og Draumalandið eftir Bjarna Þorsteinsson. Lag Jóns Þórarinssonar við Íslenskt vögguljóð á hörpu er flestum kunnugt, en fæstir þekkja lagið, sem Sigvaldi Kaldalóns samdi við sama ljóð.

Áskriftarkort Tónlistarfélagsins gilda á tónleikana, en miðar eru einnig seldir við innganginn. Nemendur Tónlistarskólans, 20 ára og yngri fá ókeypis aðgang.

Reiður fjölskyldufaðir á Ísafirði skrifar um hunda

Hundaskítur um allan bæ

Hundahald er bannað í Ísafjarðarkaupstað. Þannig byrjar samþykkt um hundahald í Ísafjarðarkaupstað. Síðan segir „heimilt er bæjarstjórn að víkja frá banni um hundahald að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum.“ Síðan koma upptalningar á nokkrum atriðum. Á einum stað segir að „hundurinn skuli aldrei ganga laus á almannaferi, heldur skal hann vera í taumi, í fylgd aðila sem hefur fullt vald á honum.“ Nokkru síðar segir „hundaeigendum ber að viðhafa hreinlæti í meðferð hunda sinna, þar á meðal að þrifa eftir dýrin.“ Nú kem ég loksins að því sem ég ætla að segja. Hvernig

er það með ykkur, því miður fjölgandi eigendum, sem ekki kunnið að halda hund og fara að þeim reglum sem settar eru um hundahald. Ætlið þið að gera Ísafjörð að skítabæli? Það er stór hópur sem reyndar stendur sig með þryði, en því miður virðist sem það sé einnig stór hópur sem skemmir fyrir hinum með því að láta hunda sína ganga lausa um bæinn og skíta þar sem þeim dettur í hug. Það er varla orðið hægt að fara í göngutúr um bæinn án þess að eiga á hættu að stíga á hundaskít með tilheyrandi „skemmtilegheitum“.

Síðastliðinn föstudag voru

fjórir skítahaugar á leiðinni um Hafnarstræti. Þrjár þeirra voru á miðri gangstéttinni og sá fjórði og sínu stærstur, var upp við Samkaup. Það er vart hægt að fara um bæinn með smábörn um gangstéttirnar, ekki það að skíturinn sé eina vandamálið, heldur einnig afsþyrnulegar gangstéttar.

Í samþykkt um hundahald segir að „hundaeftirlitsmaður skal vera starfandi í Ísafjarðarkaupstað...“ og einnig að „þeir hundar sem ekki er leyfi fyrir, eða hundar sem ganga lausir utanhúss, skulu handsamaðir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins.“ Því langar

mig til að bera fram eftirfarandi fyrirspurnir til bæjaryfirvalda á Ísafirði.

Er hér hundaeftirlitsmaður og þá hver er hann? Er hér hundageymsla og þá hvar er hún? Hvert á fólk að hafa samband til að tilkynna um lausa hunda eða til að kvarta yfir hundaeigendum sem ekki fara eftir þeim reglum sem í gildi eru? Hvað eru margir hundaeigendur með leyfi fyrir hunda sína á Ísafirði. Hafa einhverjir verið sviptir leyfi til að halda hund og/eða hafa einhverjir hundaeigendur verið áminntir?

Reiður fjölskyldufaðir.



Vershunarmannafélag
Ísafjarðar

Orlofshús

Vershunarmannafélag Ísafjarðar auglýsir hér með eftir umsóknum um sumardvöl í orlofshúsi félagsins í Húsafelli, Borgarfirði.

Nánari upplýsingar á skrifstofu í síma 456 3328.

ATH! Skrifstofan er flutt að Suðurgötu 12.

Kaupfélagsstjóri

Stjórn Kaupfélags Dýrfirðinga á Þingeyri óskar eftir því að ráða kaupfélagsstjóra. Húsnæði er á staðnum.

Umsóknir sem greini menntun og fyrirstörf berist fyrir 5. júní nk. til stjórnarformanns félagsins, Guðmundar Ingvarssonar, Þingeyri, sem jafnframt gefur upplýsingar varðandi starfið í heimasíma 456 8110 og vinnusíma 456 8101.



Kaupfélag Dýrfirðinga

SteinnuLarvíllinn

hyggur á Vestfjarðaferð.

Ef þér finnst kyndingarkostnaðurinn hér þá hef ég lausnina.

Blæs lausri steinnull í hólf og gólf. (Einnig hljóðeinangrandi).

Kynnið ykkur verð og skilmála.

Jón Þórðarson, símar: 587 9194 og 853 3892, fax: 857 9164.



SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA
FATLAÐRA Á VESTFJÖRÐUM

Spennandi og skemmtileg sumarvinna

Svæðisskrifstofan leitar eftir starfsfólki til eftirfarandi starfa:

Skammtíma vinstum í Bolungarvík - í júlí og ágúst. Um er að ræða vaktavinnu. Í skammtíma vinstuninni dveljast fótluð börn í skamman tíma með það að markmiði að fá þjálfun og endurhæfingu. Í boði er mikil og skemmtileg vinna.

Móttaka Endurvinnslunnar í Bræðratungu - júní, júlí og ágúst. Móttakan er opin tvo daga í viku, þ.e. á mánudögum og föstudögum. Hlutverk starfsmannsins er að greiða út einingar og aðstoða aðra starfsmenn við flokkun og talningu dósa. Um hlutastarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til 3. júní 1997. Umsóknareyðublöð liggja frammi á Svæðisskrifstofunni að Mjallargötu 1, 400 Ísafirði.

Nánari upplýsingar gefa starfsmenn Svæðisskrifstofunnar í síma 456 5224.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og starfsmannafélags ríkisstofnana.

Sendum vestfirsk umsjó-
mönnum og fjölskyldum
þeirra kveðju og ástundar
óskirásjómannadaginn.

Tuttugu stúdentar brautskráðir



3X-STÁL EHF



Ísafjarðar
apótek

Ágúst
og Flosi



BLÓMABÚÐ
ÍSAFJARÐAR



Á Eyriinni



Mjólkursamlag
Ísafirðinga



PÓLLINN HF.



Verslunarmannafélag
Ísafjarðar

FIVV

Flutningamiðstöð
Vestfjarða



Bítaverksmiðja
Sigurðar og Stefáns

HÓMUR
SÍMUR



Reiknistofa Vestfjarða



RÓRTÆKNI EHF.

Vélbátaábyrgðarfélag
Ísfirðingar

FROSTI

Útvegsmannafélag
Vestfjarða



FISKIDJAN FREYJA H/F
SÚGANDAFIRÐI



ÍSHÚSFÉLAG
ÍSFIRÐINGA HF.



Gunnvör hf.



Orkubú Vestfjarða



Sparisjóður Súðavíkur



BÁSAFELL HF.



LÖGSÝN EHF
Lögfræðisþjónusta

Framhaldsskóla Vestfjarða var slitið í fimmta sinn á laugar- dag. Tuttugu stúdentsefni voru brautskráð frá skólanum að þessu sinni, ellefu stúlkur og níu piltar. Þá fengu tíu véla- verðir skírteini sín og tveir fengu skírteini fyrir að hafa lokið 2. stigi vélstjórnarnáms. Fimm nemendur luku tveggja ára verslunarprófi af viðskipta- braut og fékk hæstu meðal- einkun þar Friðrik Einarsson, eða 8,5. Af sjúkraliðabraut, brautskráðust fimm nemendur með sjúkraliðapróf. Hæstar einkunnir þar fengu þær Sigríð-

ur Ragna Jóhannsdóttir, 8,7 og Pálína Elíasdóttir, sem var með 8,2 í meðaleinkunn.

Tveir iðnnemar með skóla- próf í vélsmíði brautskráðust frá skólanum og einn nemandi með almennt meistaraþróf. Af stúdentsefnunum tuttugu, luku fjórir námi af hagfræðibraut. Hæstu einkunn af hagfræðibraut hlaut Anna Karen Kristjáns- dóttir, eða 7,7. Af mála- og samfélagsbraut komu sjö stú- dentsefni. Af þeim hlaut hæstu einkunn Hilmar Magnússon, eða 8,1, og var hann „Dux schoale“ þetta árið. Hilmar og

Kristinn Hermannsson, sem einnig lauk prófi á mála- og samfélagsbraut, eru bæjarfull- trúar Funklistans í Ísafjarðarbæ, og mun það vera einsdæmi að bæjarfulltrúar séu brautskráðir sem stúdentar, að minnsta kosti úr dagskóla. Næst hæstu eink- unn af mála- og samfélagsbraut hlaut Kristín Dröfn Einarsdóttir, 7,5, en þess má geta að hún er dóttir Önnu Karenar Kristjáns- dóttur, sem hlaut hæstu meðal- einkun af hagfræðibraut. Af náttúrufræðibraut voru braut- skráð níu stúdentsefni. Af þeim fékk hæstu meðaleinkunn,

Hrefna Sylvía Sigurgeirsdóttir, 7,6.

**Bryndís og Jón Baldvin
heiðursgestir**

Meðal viðstaddra við braut- skráninguna, var stór hluti stú- dentahópsins sem brautskráðist frá Menntaskólanum á Ísafirði fyrir 20 árum og flutti Páll Tómassonar kveðju þeirra til skólans og nýstúdentna. Sá hópur var sá síðasti sem brautskráður var af þeim hjónum Bryndísi Schram og Jóni Baldvin Hanni-



Stúdentsefnin sem brautskráðust frá Menntaskólanum á Ísafirði fyrir tuttugu árum ásamt skólameistarahjónunum, Bryndísi Schram og Jóni Baldvin Hannibalssyni, en þau voru heiðursgestir við brautskráninguna á laugardag. Hópurinn var sá síðasti sem þau hjón brautskráðu frá skólanum og sá eini sem Bryndís hefur brautskráð, en hún gengdi starfi skólameistara um eins árs skeið í fjarveru bónda síns. Á myndinni er einnig Anna Karen Kristjánsdóttir, en hún er jafnaldri stúdentshópsins, þrátt fyrir að hafa geymt að taka stúdentsprófið í tuttugu ár.

Ísafjörður

**Póls hf.
styrkir KFÍ**

Póls hf. afhenti á dögnum fulltrúum Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar peningastyrk að upphæð 50 þúsund krónur, en fyrirtækið hét félaginu styrk ef það næði að halda sér í úrvalsdeildinni. KFÍ varð í 8.-9. sæti deildarinnar. Jafnframt afhenti Póls félaginu tuttugu boli með merki fyrirtækisins og skjal með áheiti fyrir næsta keppnistímabil, en í því er gert ráð fyrir að styrkurinn hækki í hlutfalli við árangur liðsins



Róbert Halldórsson, annar tveggja gjaldkera KFÍ, tekur við áheitinu úr hendi Ingu Ó. Jónsdóttur hjá Póls hf.



Hópur nemenda sem brautskráðist frá Framhaldsskóla Vestfjarða á laugardag.

balssyni, en þau stjórnðu skól-
anum af myndarskap fyrstu tíu
árin, og sá fyrsti og eini sem
Bryndís brautskráði, en hún
gengdi starfi skólameistara um
eins árs skeið í fjarveru bónda
síns. Þau hjón voru sérstakir
heiðursgestir við athöfnina á
laugardag og flutti Bryndís
viðstöddum kveðju frá þeim
hjónum. Við athöfnina var ein-
ig staddur hópur stúdenta sem
brautskráðust frá Menntaskól-
anum á Ísafirði árið 1987 og
flutti Stella Hjaltadóttir nokkur
orð fyrir þeirra hönd. Þá flutti
fulltrúi Vestfjarðadeildar
Sjúkraliðafélags Íslands,
Emma Rafnsdóttir, nokkur orð,
og færði þeim nemendum sem
luku prófi á sjúkraliðabraut
rósir að gjöf. Þegar stúdents-
efnin höfðu sett upp húfur
sínar, flutti skólameistari
Framhaldsskólans, Björn
Teitsson, nokkur orð og síðan
flutti ávarp „Dux schoale“
Hilmar Magnússon. Vakti ræða
hans kátinu á meðal viðstaddra
enda gamansöm og vel flutt.
Undir lok athafnarinnar fluttu
fjórir nýstúdenta þrjú þjóð-
lög, lögín Ísland, ljóð Jónasar
Hallgrímssonar, Krummavísur
eftir Jón Thoroddsen og Vísur
Vatnsenda-Rósu.

**Halda skal gildi
menntunar á lofti**



Tveir bæjarfulltrúar voru á meðal nýstúdenta frá Framhalds-
skóla Vestfjarðar og mun slíkt vera einsdæmi a.m.k. þegar um
er að ræða stúdenta frá dagsskóla. Hér eru þeir vinirnir
Kristinn Hermannsson (tv) og Hilmar Magnússon, en hann
var „Dux schoale“ með meðaleinkunina 8,1.

Í ræðu sinni við athöfnina
sagði Björn Teitsson, skóla-
meistari meðal annars og beindi
orðum sínum sérstaklega til
þeirra sem voru að brautskrást
frá skólanum: „Við lifum lík-
lega á bestu tímum sem runnið
hafa upp yfir Íslendinga. Við
lifum við betri lífskjör en flestar
aðrar þjóðir. Fjölskyldur hér á
landi eru yfirleitt býsna vel
efnum búnar og gera prýðilega
við börn sín. En það er ekki víst
að þetta verði alltaf svona. Best
er að gá vel að sér. Nokkrar
blikur eru á lofti. Fólk þarf að
mennta sig vel til að auka þekk-
ingu sína og víðsýni, af hvor-
ugu fæst seint nóg. Sumt bendir
hins vegar nú til þess að við
Íslendingar metum menntun
ekki nægilega mikils. Til dæmis
virðist íslenskt atvinnulíf ekki
borga nógu vel fyrir hana. Þetta
þurfa sem flestir að íhuga. Ég
vil skora á ykkur að halda á
lofti gildi menntunar, hvar sem
þið komið.“

Síðan sagði skólameistari:
„Mörg ykkar hér á sviðinu eru
prýðisvel gefin, en þið komist
ekki í gegnum læknisfræði eða
lögfræði í Háskóla Íslands, svo
að dæmi séu tekin, nema leggja
mjög hart að ykkur, mun harðar
en þið hafið yfirleitt lagt að
ykkur hér. Ég held að margt
fólk á okkar tímum, ekki síst
yngra fólkið, eigi í erfiðleikum
með að mynda sér raunhæfa

heimsmynd. Meðal þess sem
afvegaleiðir okkur eru kvik-
myndir og myndbönd, sem ein-
att sýna mjög skekka og óraun-
hæfa mynd af veruleikanum.
Það getur verið hollt að líta sér
nær. Mig langar til að vitna til
Guðmundar Inga Kristján-
sonar, hins níræða skálds Vest-
firðinga. Hann lofar í kvæðum
sínum heiðarlega vinnusemi og

tengsl við náttúruna, og ætt-
jarðarástín leikur stórt hlutverk:
Fyrir Ísland áttu að vinna
ævistörf hins góða manns
Í framhaldi af þessu gef ég
ykkur það ráð að þið menntið
ykkur sem allra best, t.d. í Reykja-
vík eða erlendis, og komið svo
aftur heim - mjög gjarna til
Vestfjarða - og vinnið landi og
þjóð eins vel og þið getið.“



Mæðgurnar Kristín Dröfn Einarsdóttir og Anna Karen Krist-
jánsdóttir, brautskráðust frá Framhaldsskóla Vestfjarða á
laugardag. Kristín Dröfn hlaut næst hæstu meðaleinkunn af
mála- og samfélagsbraut, 7,5, og móðirin fékk hæstu meðal-
einkunn af hagfræðibraut, 7,7.



Fimm nemendur brautskráðust af sjúkraliðabraut frá Framhaldsskóla Vestfjarða á laugardag. Frá vinstri: Sigríður Ragna
Jóhannsdóttir, Svanlaug Guðnadóttir, Margrét Óladóttir, Arnbjörg Helga Björnsdóttir og Pálína Elíasdóttir.

TOGGVINDUKERFI

þarfir íslenskra tofgara
ráða ferðinni

Sendum tjónvörnum og útgæðumónnum
okkur bestu kveðju á sjómánadaginn.

NAUST marine
RAFÐI-RAFUR HF

BRUNN 15 - 180	GUÐRÓÐ 15 - 180
TRÚN 15 - 210	BRUNN 15 - 180
BRUNN 15 - 180	BRUNN 15 - 180
BRUNN 15 - 180	BRUNN 15 - 180

Munið heimsend-
ingarþjónustuna
Síminn er
456 5267

Veitingastaður með stæl

Viðreisn á Vestfjörðum

Margt hefur verið mótdrægt byggð á Vestfjörðum. Nægir þar að nefna náttúruhamfarirnar 1995, snjóflóðin sem féllu á Súðavík og Flateyri. Áður féll snjóflóð á skíðasvæðið á Seljalandsdal og sumarbústaðina í Tungudal. Þeir atburðir láta engan ósnortinn. Til viðbótar hafa sjávarútvegsfyrirtæki átt í erfiðleikum og reyndar í öðrum atvinnurekstri einnig. Sláturfélagið Barði, Kaupfélag Ísfirðinga og fleira mætti telja.

Fólki fækkar, því miður, og það flytur einkum suður til Reykjavíkur og nágrennis. Höfuðborgarsvæðið heillar. Á ráðstefnu sem haldin var á Akureyri fyrir skömmu héldu fulltrúar Reykjavíkurborgar því fram að í raun ætti allt Ísland undir högg að sækja varðandi brottflutning íbúa. Fólk myndi leita til útlanda í meira mæli á næstu árum. Kannski er þetta rétt. Þó svo væri er Vestfirðingum nauðsyn að snúa vörn í sókn. Því meir sem fólk fækkar því erfiðara mun reynast að snúa af þessari braut.

Byggingarlóðir á Ísafirði

Einn þáttur þess að snúa þróuninni við er að útvega fleiri byggingarlóðir, ekki síst í stærsta byggðakjarnanum, Ísafirði. En nú býr bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar við það ástand að beðið er endurskoðunar á mati sem ákvarðar snjóflóðahættu. Deiliskipulag íbótni Skutulsfjarðar bíður um sinn. Á sama tíma er önuget að geta ekki beðið þeim sem vilja byggja nýjar byggingarlóðir.

Nú er tvennt sem hafa þarf í huga, Ísafjarðarbær er nýtt sveitarfélag á gömlum grunni og byggð víðar en í Skutulsfirði. En fram hjá því verður ekki litið þrátt fyrir allt, að mestar líkur eru til þess að fólk hafi áhuga á því að byggja í einhverjum mæli á Ísafirði, að minnsta kosti meðan verið er að snúa núverandi þróun við. Að sjálfsögðu er þrynt að hafa í huga að víðar er mögulegt að byggja. Holt hefur verið nefnt í þeim efnum. En þar eru all mörg álitæfni en óleyst. Sveitarfélagið á til dæmis ekki landið.

Þétting byggðar á Skutulsfjarðareyri hefur ekki verið forgangsverkefni. Þrýðis góðar lóðir, sem hentað gætu fjölbýti hafa verið afhentar til byggingar einnar hæðar húsa. Laust svæði er ekki til reiðu eins og er, nema kannski á Suðurtanga. Ef litið er yfir núverandi byggð þá er möguleiki á þéttingu hennar fyrir hendi. Til dæmis er hugsanlegt að breyta ípróttavöllum innan við Torfnes í byggingarsvæði og flytja vellina inn í botn Skutulsfjarðar. Vissulega er þetta mörgum framaní hugsun.

Byggð er nú þegar við Skutulsfjarðarbraut, á Stakkanesi, fjarri miðbænum en þarna yrði. Finna þyrfti ípróttavallarhúsi nýtt hlutverk og byggja nýtt á nýjum stað. En ekki er um snjóflóðahættu að ræða samkvæmt fyrirliggjandi mati. Það er kostur. Einnig er stutt í allar lagnir.

Sérfræðingar ættu að geta metið þessa hugmynd á tiltölulega skömmum tíma. Bið ætti því ekki að verða löng þar til unnt er að taka ákvörðun og skammur tími frá henni til framkvæmda. Talið um skort á byggingarhæfum lóðum virkar fremur neikvætt.

Neikvæð umræða skaðar

Barlómur og neikvæð umræða um Vestfirði skaðar ímyndina. Ímyndin verður að batna, ekki síst í augum heimamanna. Þegar allt er sagt ganga á verri veginn dregur umræðan fólk niður. Hugmyndin um vini veganna er athyglisverð og verður einkar forvitnilegt að fylgjast með hvernig til tekst.

Fréttir af verkfallshörku og ósveigjanleika hér að loknum samningum annars staðar á landinu hafa ekki lyft ímyndinni, sem aðrir landsmenn hafa af fjórðungnum. Ekki er verið að leggja dóm á kröfurnar, en þær eiga ekki almennan stuðning í raun ef marka má fréttir. Kannski eru verkfallsmenn einfaldlega búnir að gefast upp á rökrænum umræðum. En aldrei hefur þurft skiljanleg rök fremur en nú. Hinn almenni félagsmaður er hættur að sjá tilganginn. Kannski er uppsöfnuð spennan eftir náttúruhamfarir undanganginna ára og erfiðleika í atvinnurekstri að brjótast út.

Verkfall stóð enn í gær, þriðjudag og beðið var sáttatillögu ríkissáttasemjara.

En viðreisn Vestfjarða er nauðsyn meðan enn er kostur að spyrna við fótum. Jákvæðari umræða og nýjar leiðir eru hluti hennar. Enginn má láta sitt eftir liggja.

-Stakkur



Garðplöntusala

Garðplöntusala opnar laugardaginn 31. maí kl. 13:00. Mikið úrval plantna. Fáid sumarið í garðinn.

Garðplöntusala Ásthildar

Seljalandsvegi 100, sími 456 3351.

Ekkið upp frá Vínamiðni.



Verslið þar sem úrvalið er

...Gaui, einfaldlega bestur

Vídeó Höllin
- við Norðurveg

456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. The Long Kiss...
2. Courage under Fire
3. Dragonheart
4. Chain Reaction
5. Emma
6. Black Sheep
7. Tin Cup
8. Phenomenon
9. The Associate
10. Nutty Professor

http: góðar NETINU

<http://nextdch.mty.itesm.mx/~plopezg/Kaplan/Hitchcock.html>

Það borgar sig ekki að vera einn heima þegar maður vafrar um á síðu Alfreds Hitchcocks

<http://www.nfb.ca/FMT/E/cat./0314.html>

Hefur þú einhverja hugmynd um hver spendýrin eru? Ef ekki þá er þessi síða tilvalinn til að rifja það upp.

<http://handball.etnet.co.jp/>
Fylgstu með okkar mönnum sem eru að gera það gott í handbolta í Japan. Á síðunni eru úrslit tímasetningar og margt fleira.

SPÓLAN TÆKINU



The Long Kiss Goodnight

The Long Kiss Goodnight er kraftmikil mynd, hlaðin spennu og miklum hraða þótt ávallt sé stutt í grínið. Í aðalhlutverkum eru Geena Davis og Samuel L. Jackson.



Horfur á fimmtudag: SV strekkingur og skúr-ir um allt land. Hiti 6 til 15 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

Horfur á föstudag: SV átt, nokkuð hvöss norðvestan til en annars hægari. Dálítil súld á Vesturlandi en létt-skýjað í öðrum landshlutum. Hiti 5 til 14 stig, hlýjast norðaustanlands en svalast á Vestfjörðum.

Um helgina lítur út fyrir suðvestlæga átt og dálitla vætu vestan til á landinu en bjartviðri austan til. Hlýtt verður í veðri.

Til sölu 14 feta sportbátur með 40ha nýlegum Yamaha utanborðsmótor, vagni og ýms-um búnaði. Verð kr. 300 þúsund. Upplýsingar í vs. 456 3450 og hs. 456 6216. Sturla.

Til sölu Volvo GL 240, árgerð 1987, hvít að lit. Ekinn 140 þúsund km. Upplýsingar í síma 456 3719, eftir kl. 19. Jósef.

Til sölu Toyota Corolla XL, árgerð '88, ekinn 84 þúsund km. Upplýsingar eru gefnar í síma 456 8137

Til sölu mjög góðar felgur undir Lancer. Fjögur ný sumar-dekk og eitt lítið notað fylgja. Upplýsingar í síma 456 8143 í hádeginu eða eftir kl. 19.

Isuzu Trooper árgerð '82 til sölu. Mjög fallegur bíll, nýskodaður '98. Verð aðeins kr. 290 þús. Stundur fyrir utan Fjarðarstræti 38. Upplýsingar í síma 456 5308

Til sölu Samick kassabassi. Allar nánari upplýsingar eru gefnar í síma 456 7062

Reglusöm fjölskylda óskar eftir að leigja 4-5 herbergja íbúð, raðhús eða einbýlishús á Ísafirði, Hnífsdal eða Bolungarvík fyrir 1. ágúst. Upplýsingar í síma 456 5374

Ræstingar! Vantar starfskraft til heimilisþrifa. Upplýsingar í síma 456 3133, eftir kl. 17.

Óska eftir 13-14 ára stúlku til að passa tæplega eins árs telpu í 2-3 tíma á dag, eftir hádegi. Upplýsingar gefur Rakel í síma 456 5232.

Til sölu lítið notaður Zodiac slöngubátur, nýyfirfarinn. Einnig 2ha Suzuki utanborðsmótor. Upplýsingar í síma 456 3364

kaup & sala ókæptis smáauglýsingar

Til sölu Móholt 9, Ísafirði, sem er 160m² ásamt bílskúr. Upplýsingar í síma 456 3629

Hestamenn athugið! Óska eftir góðum hnakk. Upplýsingar í síma 456 3629, Aldís.

Óska eftir að passa barn í Holtahverfi. Ekki eldra en 2-3 ára. Ég er 11 ára. Upplýsingar í síma 456 4368

Óska eftir að kaupa hjónarúm, helst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 5425

Gullúr tapaðist á leiðinni frá Grundargötu að Samkaup. Upplýsingar í síma 456 3489

12-14 ára barngöð stúlka óskast til að passa eins árs stúlku sem býr á Urðarveginum. Upplýsingar í

síma 554 2447, eftir kl. 18

Til sölu 14 vetra rauður klárhestur (konuhestur). Hefur verið notaður í keppni fyrir yngri flokk unglunga. Verðhugm. kr. 75 þúsund. Upplýsingar í síma 456 8283

Yndislega mannelsk 8 mánaða læða óskar eftir framtidarheimili.

hússins kl. 20. Fjölmennum! Stjórnin.

Til sölu mjög vel með farinn kerruvagn og burðarbakk-poki. Upplýsingar í síma 456 5128, Sigríður.

Til sölu vegna flutnings! 22" sjónvarpstæki, myndbandstæki og borð, svefnsofi og tvö vinnuborð. Upplýsingar í síma 456 5191

Óska eftir stelpu til að passa börn, 1-2 kvöld í viku. Búum inn í Firði. Upplýsingar í síma 456 4333

Íbúðarhluti til sölu á besta stað í Reykjavík. Upplýsingar í síma 456 3380

Óska eftir að passa barn hálfan eða allan daginn. Er vön börnum og hef unnið á leikskóla eitt sumar. Upplýsingar í síma 456 3052, Harpa.

Japönsk glæsikerri til sölu! Fyrir litlar 550 þúsund krónur stundur þér Subaru Station GL 1988 til boða. Bílinn er sjálf-skiptur, ekinn aðeins 122 þús. km. Upplýsingar í hs. 456 5323 og vs. 456 4500, Kristinn Birgisson.

Tveir gullfallegir kettlingar, læða og fress, auglýsa eftir góðum framtíðareigendum. Þau eru nú vikna og kassavön. Upplýsingar veita Páll og Berglind í síma 456 5228

UM HELGINA



Stórdansleikur laugardanskvöld til kl. 03:00

SSSÓ 18 ár

Þrælheitir eftir gott vetrarfrí

ATH! Þetta er eina ballið með SSSÓl á Ísafirði í sumar, þú mætir!

Föstudagskvöld til kl 03

Diskótek 16 ár

Sunnudagskvöld til kl. 03 • Sjómannadagur

Pöbb og diskótek til kl. 03



Föstudagskvöld til kl. 03

Diskótek 18 ár

Laugardagskvöld til kl. 03

Sægreifarnir

Skemmta til kl. 03 18 ár



Munið heim- sendinguna!



ÍSAFJARÐARBÍÓ



Star Trek

Miðvikudag kl. 21:00

Fimmtudag kl. 21:00



Private Parts

Sunnudag kl. 21:00

Mánudag kl. 21:00



ÍSAFJARÐARBÆR

VINNUSKÓLINN Í ÍSAFJARÐARBÆ

Vinnuskólinn verður settur í félagsmiðstöðinni í Grunnskólanum á Ísafirði, þriðjudaginn 3. júní kl. 16:00. Þar verða flokkstjórnir kynntir og raðað í hópa. Á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri verður vinnuskólinn settur í áhaldahúsunum á sama tíma. Vinnuskólinn hefst síðan af fullum krafti 4. júní.

Forstöðumaður vinnuskólans.



Grunnskólinn í Bolungarvík

Skólaslit

Skólaslit Grunnskóla Bolungarvíkur verða föstudaginn 30. maí kl. 20:30 á sal skólans.

8., 9. og 10. bekk verða afhentareinkunnir. Foreldrar og aðrir velunnarar skólans velkomin.

Skólastjóri.



Sumarafleysing

Laust er starf hjá Vegagerðinni við afleysingar í sumar á skrifstofunni.

Um er að ræða 100% starf frá 1. júní. Búpróf nauðsynlegt.

Upplýsingar gefur Margrét í síma 456 3911.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.

ÍSAFJÖRÐUR:

Dallraut 10: 115m² einbýlishús ásamt bílskúr. Skiptiá íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-
Fjarðarstræti 14: 95m² sárhæð í tvíbýlishúsi ásamt 23 hluta kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
Miðtún 31: 190m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.
Mjallargata 6: Norðurendi, 2x40m² 4ra herbergja íbúð ásamt

tvöflöðum bílskúr. Íbúðin er laus. Verð: 3.600.000,-
Silfurtorgi 11: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-
Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skiptiá minni eign á eynimikomatil greina. Tilboð.



Stummholt 1: Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m² ásamt 40m² bílskúr. Verð 15.500.000,-



Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-

BOLUNGARVÍK:

Stígahlíð 3 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
Völnestærstræti 9: 130m² einbýlishús ásamt bílskúr. Verð kr. 6.800.000,-
Völnestærstræti 28: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgeiðt að utan. Verð: 7.000.000,-
Kirkjuvegur 2: 214m² glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Laust samkvæmt samkomulegi.
Tjósalund 6: 2x126m² einbýlishús. Hagstæð lán. Verð: 4.000.000,-
Hafnaragata 46: Allt húsið. Selst ódyrt.
Tröndaland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
Tröndaland 24: 200m² einbýlishúsi lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.
Vitastígur 11: Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.
Vitastígur 21: 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulegi.

Verð: 2.600.000,-
Völnestærstræti 4: 2x126m² einbýlishús. Skiptiá minni eign komatil greina. Verð 9.500.000,-

SUÐUREYRI:

Túngata 12: 130-140m² einbýlishús ásamt lítum bílskúr.
Aðalgata 9: U.þ.b. 90m² einbýlishús

FLATEYRI:

Bárugata 3: 2x60m² einbýlishús ásamt garðhúsi og stórum bílskúr. Afurðaleigin.
Ránargata 8: Gamalt járnslétið tímbernhús sem er illa farið. Verð 500.000,-

ÞINGEYRI:

Fjarðargata 6: Einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er illa farið og selst ódyrt.
Vallargata 6: 98,6m² raðhús á einni hæð. Verð 2.600.000,-



Húseign til sölu

Tilboð óskast í húseignina Fjarðarstræti 35.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 456 3794, eftir kl. 17:00.



Flottar línur!
Snögg lausn

KRISMA
Ljómnu Skerfot
456 4414

Bæjarins besta

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Flottar línur!
Snögg lausn

KRISMA
Ljómnu Skerfot
456 4414



Þegar hugað var að bifreið og fálka kom í ljós að hann hafði hreiðrað um sig í um 15 sentimetra breiðu rými milli vatnskassans og grillsins.



Eigandi bifreiðarinnar reif grillið frá til að opna fálkanum leið og hann brótti út úr prísundinni með nokkrum erfðismunum.



Fálkinn baðaði síðan út vængjunum og flaug á brott, frelsinu feginn og að því er áhorfendum virtist, ómeiddur eftir áreksturinn.

Bifreið á 90 kílómetra hraða ók á fálka

Slapp ómeiddur eftir hremmingarnar

Fálki varð fyrir fólksbifreið sem ók á um 90 kílómetra hraða í Súgandafirði á fimmtudag í síðustu viku. Fálkinn lenti inni í vélarrými bifreiðarinnar og var talinn dauður en hann rankaði við sér eftir nokkra stund og

flaug á brott. Ökumaður bifreiðarinnar, Jón Arnar Gestsson, sagði í samtali við blaðið, að ótrúlegt væri að fuglinn skuli hafa lifað af höggð og hremmingarnar í kjölfarið.

Fálkinn flaug þvert fyrir bif-

reið Jóns Arnars og lenti framan á henni og undir bílnúmerinu. Þar eru örmjóar rifur fyrir loftinntak og fór hann þar í gegn. Þegar Jón Arnar hafði stöðvað bifreið sína aðgætti hann að fuglinum og var þá búkurinn

kominn inn fyrir en vængirnir stóðu út úr og umvöfðu bílnúmerið. Fyrir ofan veginn fann Jón Arnar fuglshræ og telur að fálkinn hafi verið að ljúka við máltíð er styggð kom á hann vegna bílsins. Vatnskassinn á

bifreiðinni kengbognaði við áreksturinn og gat því Jón Arnar ekki ekið áfram til Ísafjarðar.

Um hádegisbil fór Jón Arnar að huga að bílnum og varð þá þess var að fálkinn hafði dregið vængina inn fyrir og sat hinn

spakasti í rýminu milli vatnskassans og grillsins, sem er um 15 sentimetra breitt. Reif hann því grillið frá og hleypti fuglinum út þá leiðina. Fálkinn flaug rակleiddis á brott og virtist ekki hafa orðið meint af árekstrinum.

Stjórn Frosta hf., harmar ólögmætar verkfallsaðgerðir gegn fyrirtækinu

Verkfallsverðir hafa leitað skipið uppi með flugvél og elt á bílaleigubílum

Stjórn Frosta hf., í Súðavík hefur sent frá sér fréttatilkynningu, þar sem hún harmar þær ólöglegu aðgerðir sem hafðar hafa verið uppi í Hafnarfirði og Grundarfirði, þegar löndun var stöðvuð úr togara fyrirtækisins Bessa ÍS-410, en stjórn fyrirtækisins telur að Bessi sé eina skipið á Vestfjörðum sem komið hefur verið í veg fyrir löndun úr, þar sem önnur vestfirsk skip hafa landað afla sínum utan verkfallssvæðisins.

Um borð í togaranum eru 200 tonn af rækju að verðmæti um 55 milljónir króna en skipið hafði verið að veiðum um fimm vikna skeið. „Togarin lagði upp frá Súðavík áður en yfirstandandi verkfall hófst og kom til heimahafnar þann 14. maí í þeirri von að deilan leystist á næstu dögum. Þegar þær vonir brugðust var ákveðið að Bessi færi til Hafnarfjarðar og þangað kom skipið á hádegi 19. maí. Daginn eftir átti að landa úr skipinu, en komið var í veg fyrir það með ólögmætum aðgerðum verkfallsvarða. Að kvöldi 22. maí kom skipið til Grundarfjarðar og aftur stöðv-

uðu verkfallsverðir löndun eftir að hafa leitað skipið uppi með flugvél og elt á bílaleigubílum í viðleitni sinni til þess að vinna Frosta tjón með ólögmætum aðgerðum,” segir m.a. í frétt frá fyrirtækinu.

Þar segir einnig að ljóst er að Frosta hefur orðið fyrir tugmilljóna króna tjóni vegna verkfallsins á Vestfjörðum og að sölusamningar hafi tapast. Tap Súðavíkur sé því mikið. „Íbúar kaupþínsins eru um 230. Um 90 manns eru í vinnu hjá Frosta. Það er ekki ofmælt að segja að íbúar Súðavíkur hafi lífsviðurværi sitt af Frosta og eigi allt undir að fyrirtækið sé öflugt. Árlega eru unnin um fimm þúsund tonn af rækju og velta fyrirtækisins er um 1.200 milljónir króna. Útflutningsverðmæti Súðavíkinga á hvern íbúa er hið hæsta á landinu. Á vordögum 1994 hætti fyrirtækið bolfiskvinnslu, en hefur byggt upp blómlega rækjuvinnslu, einhverja bestu og fullkonnustu verksmiðju landsins. Mikil áhersla er lögð á sterk tengsl við viðskiptavini erlendis og er rækjan þökkuð í neytendaum-



Bessi ÍS-410.

búðir. Því er skaðinn mikill þegar ekki tekst að standa við gerða samninga.”

Stjórn fyrirtækisins harmar því yfirstandandi verkfall, sem skaðar Súðavík og stefnir afkomu fyrirtækisins og sveitarfélagsins í tvísýnu. „Leiðarahöfundar dagblaðanna bentu í vikunni á erfiða afkomu fyrirtækja á Vestfjörðum og að vinnustöðvunin sé ekki til þess fallin að bæta hag verkafólks. Vestfirðingar eru hvattir til þess að standa saman um tilverurétt fólksins og framtíð fjórðungsins. Stjórn Frosta tekur undir þessi sjónarmið,” segir í frétt frá fyrirtækinu.



Sorp á sorp ofan

Verkfall félagsmanna í verkalýðsfélaginu Baldri á Ísafirði hefur nú staðið yfir í rúmar fimm vikur. Áhrifa verkfallsins er farið að gæta víða í daglegu lífi fólks, meðal annars hvað varðar sorphirðu. Þótt fjölmargir íbúar Ísafjarðarbæjar hafi sjálfir séð um að koma sínu sorpi til förgunar má víða sjá sorphauga við mörg hús með þeim mikla óþef sem þeim fylgir. Meðfylgjandi mynd sem tekin var á mánudag, sýnir ástandið eins og það er víða um bæjarfélagið, og hafa margir haft á orði að ástandið sé orðið eins og í fátækrahverfum stórborga.